

# Víga-Glúms saga

# Víga-Glúms saga

## 1. kafli

Ingjaldur hét maður, sonur Helga hins magra. Hann bjó að Þverá í Eyjafirði. Hann var forn goðorðsmaður og höfðingi mikill og þá aldraður mjög er sagan gerðist. Hann var kvongaður maður og átti tvo sonu, Steinólf og Eyjólf. Þeir voru menn vel mannaðir og voru báðir fríðir sýnum. Ingjaldur var einlyndur og fálátur, ódæll og fasttækur. Hann lagði lítinn hug á kaupmenn, vildi ekki yfir sér hafa þeirra ofsa og ef hann girnist af kaupmönnum nokkuð að hafa þá sendi hann aðra menn til en fór eigi sjálfur.

Skip kom enn eitt sumar í Eyjafjörð. Hreiðar hét stýrimaður, ættstór. Hann átti bú á Vors í Noregi, manna vaskastur og vinsælastur.

Eyjólfur Ingjaldsson var oft við skip um sumarið og áttu þeir Hreiðar mart saman í vinfengi. Hreiðar sagði honum að hann vildi hér vistast um veturinn, kveðst vera fúsastur til Ingjalds að frásögn annarra manna. Eyjólfur segir föður sinn ekki hafa það í vanda lagt en þó lést hann mundu um sýsla.

Og er hann kemur heim ræddi hann um við föður sinn að hann skyldi taka við stýrimanninum og kvaðst ætla góðan dreng vera og mikils verðan og tjáði málið fyrir honum vel um stýrimanninn.

Ingjaldur svarar: "Ef þú hefir boðið honum áður hvað mun þá tjá við að mæla? Mun eg þá hljóta fé að kostna en þú munt hafa starf fyrir" og lést aldrei útlendan mann með sér haft hafa og lést enn ófús vera.

Þá segir Eyjólfur: "Eigi er enn við honum tekið utan þitt ráð. En það er og bæði að eg hefi lítt til ráða hlutast og vilt þú að eg ráði litlu ef sá maður skal hér eigi vist hafa er eg hefi hingað boðið."

Ingjaldur svarar: "Nú skaltu og ráða þessu sem þú vilt að stýrimaður fari hingað við annan mann og vil eg ekki á leggja við hann fyrir þínar sakir en þú skalt hafa allan starfa fyrir þeim en eg mun kostnað fram leggja."

Hann svarar: "Þetta líkar mér vel að svo sé."

Fer hann annan dag og hittir Hreiðar og segir honum málavöxt. Hann lætur vel yfir. Er hann þangað fluttur með varning sinn. Og er þeir höfðu verið eigi lengi þá varð Hreiðar var við að þar skyldi vera jólaveisla fjölmenn. Ingjaldur var fár við hann og þó vel.

Einn dag kallar Hreiðar Ingjald í útibúr þar sem varningur hans var inni og hann gerir svo. Þá mælti Hreiðar og bað hann velja af varninginum það er hann vildi. Ingjaldur lést engis girnast fjár hans en kallar honum vel fara.

Hreiðar svarar: "Eg hefi þó hugleitt nokkuð hvað þú þarft af oss að þiggja. Eg hefi komið á nokkura bæi hér í Eyjafirði þá er bestir eru og sé eg engi herbergi slík sem hér. En skálabúnað hefir þú eigi svo góðan að eigi sé þvílíkur á öðrum bæjum."

Hann tók úr sínum hirslum svo góðan skálabúnað og gaf Ingjaldi sem engi hafði betri áður komið hingað til Íslands. Ingjaldur þakkaði honum vel og var nú allgott vinfengi þeirra í millum.

Síðan um veturinn segir Eyjólfur að hann vill utan fara með Hreiðari um vorið. Hann svaraði því óbrátt.

Eyjólfur segir: "Hví viltu eigi flytja mig? Líkar eigi vel við mig?"

"Allvel," segir hann, "en lítil munu föður þínum þykja vistarlaun mín, en eigi mun eg honum illu launa, að flytja son hans á brott er honum er hver sómi að. En ef faðir þinn lofar þá flyt eg þig gjarna á brott og kann eg þökk mikla að þú farir þá."

Nú bjuggu kaupmenn ferð sína og er þeir voru búnir leitar Eyjólfur enn eftir um utanferð sína við Hreiðar. Hann sagði honum sinn vilja, lést ekki vilja gera í móti föður hans um hans utanferð. Síðan segir hann föður sínum farfýsi sína og svo hversu farið hafði með þeim Hreiðari.

Ingjaldur segir að fáir drengir munu slíkir sem Hreiðar "og með þessi þinni meðferð og að reyndum drengskap leyfi eg þér ferðina og þykir betur að þú farir með honum en með öðrum."

## 2. kafli

Síðan fóru þeir utan og komu við Noreg. Hreiðar bauð Eyjólfvi marga kosti um vistartekjur en hann vildi eigi þiggja það er hann bauð.

Hreiðar mælti: "Hvað viltu þá þinna ráða?"

Hann svarar: "Eigi veit eg."

Þá segir Hreiðar: "Girnist þú ekki til konunga eða annarra höfðingja? Er þar heimill vor tilbeini" - þá var Hákon Aðalsteinsfóstri konungur - "sýnist mér slíkum höfðingjum gott að þjóna, yður stórum mönnum og líklegum til góðrar fylgdar."

Hann svarar: "Vanfær em eg að fylgja konungum en þó kann vera að það gengist eftir mínum vilja. En þó neita eg því."

Hann spyr: "Hvað viltu þá?"

"Hví dregur þú undan að bjóða mér til þín því að það vil eg?"

"Lítill hugur er mér á því," segir Hreiðar.

Eyjólfur spyr: "Hví sætir það?"

"Eg nenni eigi að veita það sem þér er eigi gott að þiggja þar er mér þykir þú góðs eins verður frá mér."

"Forvitni er mér á hví það sætir."

"Það muntu nú vita verða. Þó samir mér illa frá að segja. Bróður á eg mér þann er Ívar heitir. Við eigum bú báðir saman og allan fjárhlut og unnumst við mikið en við erum þó eigi skaplíkir um það að honum þykja illir íslenskir menn svo að þeim er eigi vært þar. En hann er í víkingu hvert sumar. En þá er hann kemur heim fer hann með tíunda mann eða tólfta til mín og skulu allir þeim þjóna þeir er fyrir eru og munu þeir allir til þín vera svo illa að þar er þér að engum kosti vært."

Hann svarar: "Forvitni er mér á hversu þeir láta og ertu saklaus ef þú lætur uppi vistina."

Hreiðar svarar: "Mér er vant við bróður minn er mér færir gjafar þær sem hann færir mér og hann fær bestar til að eigi skilji okkur á um þig. En mér mun þungt þykja ef þeir gumsa þig og spotta."

"Mjög viltu það undan draga," segir Eyjólfur, "að eg fari til þín eða hvernig mun hann við mig vera? Eigi mun hann berja á mér?"

Hreiðar svarar: "Bardaga verra mun það. Hann hefir marga vonda menn með sér. Allt það er þú mælir eða gerir munu þeir afleiðis færa fyrir þér."

Eyjólfur segir: "Engi skapraun er það ef maður veit nokkuð af áður. Er það óvíska að bera eigi slíkt og mun það ekki við nema."

Hreiðar svarar: "Vandi er þá á báðar hendur. Þú ert vinur minn en hann er bróðir minn og ann eg honum mikið."

Það varð að hann fór heim með Hreiðari til vistar á Vors. Og þá er Ívars var heim von þá tók Eyjólfur loðkápu og hafði hvern dag. En hann var mikill maður og sat hjá Hreiðari jafnan.

### 3. kafli

Nú kemur Ívar heim og er gengið í mót honum veglega og fagnað með blíðu. Þá spurði hvor þeirra annan tíðinda eða hvar Hreiðar hefði verið um veturinn en hann lést á Íslandi verið hafa.

En þá spurði Ívar engra tíðinda. "En hvort er," kvað hann, "þar hjá þér maður eða kvikindi? Það er hrúga eigi lítil."

Eyjólfur svarar: "Eg em íslenskur maður og heiti eg Eyjólfur og ætla eg hér að vera í vetur."

"Þess get eg," kvað Ívar, "að eigi sé óhapplaust hér á bæ ef íslenskur maður skal hér vera."

Hreiðar svarar: "Ef þú ert illa við hann svo að honum er eigi við vært þá mun okkur frændsemi eigi góð vera."

"Illu heilli hefir þú til Íslands farið ef af þeim sökum skulum vér þjóna íslenskum mönnum eða láta ella frændur vora eða vini. Og eg veit eigi hví þér sýnist að fara til hinnar verstu þjóðar og frelst hefir þú þig um tíðindasögu við mig."

"Annan veg er," kvað Hreiðar, "þar eru heldur margir góðir drengir."

Ívar segir: "Eigi er sjá þó sæmilegur í öndveginu, totabassinn."

En þá er Ívar sá að bróður hans þótti miklu varða um mann þenna þá tók hann minna af en áður við Íslendinga "en hvað mun eg þá heldur en kalla hann hrúgu?"

En Eyjólfur lést því nafni mundu vel kunna en allt það er hann gerði eða mælti þá færðu þeir afleiðis.

Vigfús hét maður. Hann var hersir og réð fyrir á Vors. Hann var Sigurðarson, Víkinga-Kárasonar. Hann átti dóttur þá er Ástríður hét. Vinátta var þar mikil í millum þeirra bræðra og Vigfúss og höfðu sinn vetur hvorir jólaveislu með öðrum og skulu þeir bræður nú búast við jólaveislu.

En allt hafði Hreiðar fyrir búið og skyldi hann þá bjóða mönnum og bað Eyjólf fara með sér "og er mér eigi forvitni á hversu þeir láta að þér."

"Mér er þungt," segir Eyjólfur, "og má eg eigi fyrir því fara."

Aftan þann sem hann var heiman farinn og þeir koma í sæti þá mæltu förunautar Ívars: "Nú er Hrúga heima en Hreiðar eigi. Nú munum vér hafa gleði sem oss sýnist."

"Vér skulum nú," segir Ívar, "hyggja að nokkuð hvað oss hæfir. Hér erum við bræður og eigum fé báðir saman og ber hann alla áhyggju fyrir en eg enga. En sá er einn maður er hann vill veita og gerum vér svo að honum er varla við vært en hann er við oss saklaus og skal engi maður mæla í mein honum meðan Hreiðar er eigi heima."

Þeir segja nú vel fallið til gamans að hafa nokkuð.

Þá mælti Ívar: "Af litlum manndóm talið þér. Hér þjóna oss allir og höfum vér gaman af öllu sem oss lystir en aðrir hafa starfa og áhyggju. Og þótt sjá maður hefði drepið bróður minn þá ætti eg ekki að gera honum til meins fyrir Hreiðars sakir og engum skal hlýða að gabba hann og nú skal hann eigi Hrúga heita lengur."

Og um morguninn mælti Ívar við Eyjólf: "Viltu fara í skóg með oss og skemmta þér?"

Og hann játtir því og fer með þeim og höggva þeir sér tré og flytja heim. Eyjólfur hefir sverð og handöxi.

Ívar mælti: "Það ræð eg þér Íslendingur, ef sér fer hver vor, að þú farir heim fyrir myrkur."

Síðan fer sinn veg hver um skóginn og fór Eyjólfur einn sér. Þá fer hann af loðkápunni og lagði á ofan sverð sitt er hann hafði í hendi. En hann gekk í skóginn og skemmti sér og hafði öxi og hjó tréin þau sem honum sýndist. En er á leið daginn tók að drífa og vill hann þá heim og kom þar er loðkápan hafði legið og var hún á brottu en sverðið var eftir. Hann sér sópað snjánum sem kápan hefði dragnað. En viðbjörn hafði komið og dregið kápuna, hafði varla aflíð til haft upp að halda er björninn var ungur og nýkominn úr híðinu og eigi mannsbani orðinn. Síðan fór hann og sá að björninn sat fyrir honum. Brá hann sverði og hjó af trýnið við augun uppi af dýrinu og hafði það í hendi sér heim.

En Ívar kom heim fyrri og saknar Eyjólf og mælti: "Ógegnlega höfum vér farið og illa skilist við vorn förunaut. Honum er ókunnigt á skóginum en þar von margra skæðra dýra og mun margrætt um ef hann kemur eigi heim svo sem áður vorum vér við hann og ræð eg að vér leitum hans þar til er vér finnum hann."

En er þeir komu út fyrir dyr þá kom Eyjólfur í mót þeim og fagnaði Ívar honum vel og spurði hví hann væri blóðugur en hann sýndi þeim það er hann hélt á.

Þá mælti Ívar: "Það uggi eg að þú sért sár."

"Ver kátur fyrir það. Ekki sakar mig."

Þá mælti Ívar: "Óviturlegt bragð að spotta ókunna menn. Hann hefir sýnt vaskleik í þessum hlut þar er eg veit eigi hvort nokkur vor mundi til verða."

Og annan aftan kom Hreiðar heim.

Ívar mælti: "Hví ertu svo hljóður bróðir? Ertu hugsjúkur um hann Hrígu? Hvað væntir þig hversu eg mun við hann hafa búið?"

Hreiðar svarar: "Það mun nú okkur víst máli skipta hversu þú hefir það gert."

Hann segir: "Hvað muntu nú til vinna að eg sé við hann sem þú?"

Hann svarar: "Eg mun gefa þér gullhring þann er við eigum báðir saman og þér hefir góður þótt lengi."

Hann segir: "Eigi mun eg ágirnast föðurarf þinn en við hann mun eg vera héðan af sem við þig sjálfan og skal hann nú sitja hjá mér en eigi hjá þér."

Síðan virtu þeir hann vel báðir og sáu að það rúm var vel skipað er hann sat í. Og leið nú svo fram.

## 4. kafli

Nú koma menn til jólaveislu til þeirra bræðra. En þá er tólfmenningur var skipaður til að sitja og settir hlutir til hver næst skyldi sitja Ástríði dóttur Vigfúss hersis og hlaut Eyjólfur ávallt að sitja hjá henni. En engi maður sá þau fleira við talast en aðra menn. En það ræddu margir að því mundi þann veg í móti berast að honum mundi þar konu auðið verða. Slítur veislu þeirri og var hún veitt stórmannlega og menn með gjöfum á brott leystir.

Eyjólfur var fjögur sumur í víkingu og þótti hinn mesti garpur og framgöngumaður, fékk gott orð og mikið fé.

Það var einn vetur að sá maður kom þar á Vors er Þorsteinn hét og var frændi þeirra bræðra og átti bú á Upplöndum.

Hann sagði til vandræða sinna að berserkur sá er Ásgautur hét hafði skorað á hann til hólmgöngu fyrir þá sök að hann synjaði honum systur sinnar og bað þá fjölmenna sig til hólms að eigi gengi sjá víkingur á efni hans, sagði hann þó fellt hafa marga menn sína, sagði að hann mundi láta systur sína ef þeir vildu hann eigi efla, "em eg ekki traustur til hólmgöngu nema eg njóti yðvarrar gæfu við."

Þeir nenntu eigi að synja honum fararinnar. Nú fóru þeir með honum á Upplönd og höfðu þrjá tigu manna með sér og koma í þann stað er þeir skulu finnast. Þá leita þeir við menn sína hver það vildi vinna sér til konu að ganga á hólmi við Ásgaut. En þótt konan þætti fýsileg þá varð þó engi búinn að vinna þetta til. Þá beiddu þeir bræður að Eyjólfur mundi halda skildi fyrir hann.

Þá segir Eyjólfur, kvaðst það við engan mann gert hafa og eigi fyrir sig sjálfan "og mun mér eigi gott þykja ef hann er drepinn í höndum mér. Þykir mér engi fremd í þessu. En ef sveinn sjá verður drepinn í höndum oss skulum vér þá heim fara með sógöru eða skal þá til fá annan og hinn þriðja og vex þá svo vor óvirðing svo sem margir falla fyrir oss? Og lítil virðing mun á för vorri ef vér förum við það aftur að hans sé óhefnt ef hann fellur fyrir oss. Biðjið þér mig að eg gangi heldur á hólmi við berserkinn. Það er veitanda vinum sínum en þetta vil eg eigi veita."

Þeir þakka honum vel og þótti þeim þó mikið í ábyrgð er hann var.

Hann segir: "Svo sýnist mér sem engum vorum sé afturkvæmt ef hans er eigi hefnt og þykir mér þá verra að berjast við berserkinn ef frændi yðvar er áður drepinn."

Síðan gengur hann fram en Ívar bauð að halda skildi fyrir honum.

Eyjólfur svarar: "Vel er það boðið en mér mun mest um hugað og er satt hið fornkveðna að sjálfs hönd er hollust."

Gengur á hólmi síðan.

Berserkurinn mælti: "Skal sjá við mig berjast, hrunkinn?"

Eyjólfur mælti: "Er eigi það að þér ægi við mig að berjast? Kann það vera að þér sé eigi vel farið er þú æðrast mikinn mann en gambrar yfir litlum."

"Ekki er mér það eignað," segir hann, "en lögin mun eg þér segja upp um hólmgöngu. Premur mörkum skal mig leysa af hólmi ef eg verð sár."

Eyjólfur svarar: "Óskylt ætla eg vera að halda lögum við þig er þú dæmir sjálfur hvers þú ert verður fyrir því að á voru landi mundi slíkt þykja þrælskjöld er þú gerir um sjálfan þig."

Eyjólfur átti fyrir að höggva og hjó það hið fyrsta að sverðið kom á skjaldarsporðinn og gekk af sporðurinn og fóturinn af berserknum. Eyjólfur fékk af þessu verki mikið ágæti og fór heim síðan með þeim bræðrum. Nú var honum boðið fé mikið að þiggja en hann lést þetta ekki til fjár hafa gert né til konu heldur af vinfengi við þá bræður. Ásgautur leysti sig af hólmi og lifði við örkuml.

Síðan bað Eyjólfur Ástríðar Vigfúsdóttur. Nú eru til að flytja málið Ívar og Hreiðar, segja hann ættstóran mann og eiga göfugt ráð á Íslandi og mikinn frændaafla og kölluðu líklegt að mikið yrði hans forlag.

Þá mælti Eyjólfur: "Vera kann að frændum Ástríðar þyki ofsi mikill í voru máli en margir vita á Íslandi að vér eigum göfugt foreldri og mikið fé."

Vigfús segir: "Þetta mun vera forlög hennar þótt til væri ætlað ekki óframar um frændkonu vora."

Hún var honum gefin og fór út til Íslands með honum.

## 5. kafli

Böðvar hét maður. Hann var sonur Víkinga-Kára og bróðir Sigurðar föður Vigfúss. Hann var faðir Ástríðar, móður Eiríks, föður Ástríðar, móður Ólafs Tryggvasonar. Víkinga-Kári var sonur Eymundar akraspillis Þórissonar. Böðvar var faðir Ólafar, móður Gissurar hins hvíta.

Þá er þau Eyjólfur og Ástríður komu út til Íslands, var Ingjaldur þá andaður. Þá tók Eyjólfur við búi og goðorði. Úlfeidur hét dóttir Ingjalds. Hana átti Hríseyjar-Narfi.

Börn þeirra Eyjólfis og Ástríðar voru fjögur nefnd. Þorsteinn hét sonur þeirra hinn elsti og var hann leystur af arfi þá er hann kvæntist og bjó hann að Hólum í Eyjafirði meðan hann lifði og verður hann lítt við söguna riðinn. Vigfús hét annar. Hann fékk Hallfríðar Þorkelsdóttur hins háva frá Mývatni. Glúmur hét hinn yngsti sonur þeirra en Helga dóttir. Hún var gift Steingrími í Sigluvík. Þeirra sonur var Þorvaldur tasaldi er síðar kemur við málið. En Vigfús andaðist litlu síðar en hann kvongaðist og átti barn eitt og lifði það litlu lengur en hann og bar af því undir Hallfríði allt fé til helmings við þau Glúm og Ástríði en Eyjólfur var andaður þá er hér var komið.

Þá réðst Þorkell hinn hávi til Þverár og Sigmundur sonur hans og var hann mikill maður fyrir sér og ætlaði að hann mundi höfðingi gerast ef hann fengi gott kvonfang og mága stoð.

Þórir hét maður. Hann bjó á Espihóli. Hann var sonur Hámundar heljarskinns og Ingunnar Helgadóttur hins magra. Hann átti Þórdísi Kaðalsdóttur. Þeirra börn voru Þórarinn og Þorvaldur krókur er bjó á Grund í Eyjafirði og Þorgrímur er bjó í Möðrufelli og Ingunn er átti Þórður Freysgoði og Vigdís er átti Sigmundur.

Síðan tóku þeir Þorkell og Sigmundur að óhægja Ástríði byggðina og var skipt landinu í helminga og hlutu þau Glúmur og Ástríður þann hluta landsins er ekki var húsaður og gerðu þau bú á Borgarhóli. En Glúmur skipti sér ekki af um búsvísu, þótti heldur óbráðger í uppruna. Hann var fámálugur og fálátur jafnan, hár maður vexti og nokkuð skolbrúnn, hvítur á hár og réttár, kraklegur og þótti heldur seinlegur maðurinn, fór ekki til mannamóta.

Nú eyðist fé fyrir þeim Ástríði og gerist ráðahagurinn óhægur en Sigmundur og Þorkell bægja þeim og höfðu þau hið minna af öllu.

Hof Freys var þar fyrir sunnan ána á Hripkelsstöðum.

Þórarinn á Espihóli var maður vitur og vinsæll. Þorvaldur krókur var hólmgöngumaður og ódæll. Sigmundur Þorkelsson þóttist maður mikill fyrir sér er hann kom í mægðir við Esphælinga.

Glúmur segir móður sinni að hann vill utan ráðast: "Sé eg að þroski minn vill engi verða en það má vera að eg hljóti gæfu af göfgum frændum mínum en eg nenni eigi að þola ágang Sigmundi en eg sé mig enn vanfæran í mót honum. En lógaðu eigi landinu þó að þröngt verði kosti þínum."

Þá var Glúmur fimmtán vetra er hann fýstist utan.

## 6. kafli

Nú er að segja frá utanferð Glúms. Þegar er hann kom við land fór hann upp á Vors til Vigfúss. Og er hann kom að bænum þá sá hann þar mikið fjölmenni og margs konar skemmtan og leika. Og það þóttist hann sjá að þar mundi á öllum hlutum stórmennska vera. En þar sem hann sá marga menn merkilega þá vissi hann eigi hvar Vigfús mundi vera frændi hans. Það mark hafði hann til hans að hann sá mann mikinn og veglegan í öndvegi í skautfeldi blám og lék sér að spjóti gullreknu, gekk síðan að honum og kvaddi hann en hann tók vel kveðju hans. Vigfús spurði hvað manna hann væri en hann kvaðst vera íslenskur og eyfirskur. Þá spurði Vigfús að Eyjólfri mági sínum og Ástríði dóttur sinni.

En hann kvað hann andaðan "en Ástríður lifir."

Vigfús spurði hvað barna þeirra lifði en Glúmur sagði honum til systkina sinna en síðan sagði hann honum að þar var einn sonur þeirra kominn fyrir hann. En er hann sagði það þá reitist ekki af um talið við hann. Glúmur bað hann vísa sér til sætis en Vigfús kvaðst eigi vita hvað satt væri af því er hann sagði og vísaði honum til sætis á hinn óæðra bekk utarlega og veitti honum litla virðing. Hann var fámálugur og ósiðblendur. Þá er aðrir menn drukku eða höfðu aðra gleði þá lá hann og hafði feld á höfði sér. Hann þótti þar fól eitt.

Þar var veisla búin að veturnóttum og gert dísaþót og allir skulu þessa minning gera. Glúmur situr í rúmi sínu og gengur eigi til. Og er á leið kveldið er menn voru komnir þá var eigi svo mikil gleði sem líklegt mundi þykja fyrir fagnaðar sakir og vina fundar er þar voru margir saman komnir. Og þann dag er menn höfðu komið til boðsins hafði Glúmur eigi út gengið í móti mönnum og bauð engum að sitja



hjá sér eða í hans rúmi.

Og er menn voru komnir undir borð þá var sagt að sá maður var kominn að bænum með tólfta manni er Björn hét og kallaður járnhaus. Hann var berserkur mikill og var því vanur að koma til mannboða fjölmennra og leitaði þar orða við menn ef nokkur vildi það mæla er hann mætti á þiggja og skoraði á menn til hólmöngu.

En Vigfús bað þess að menn skyldu vel stilla orðum sínum "og er það minni læging en taka meira illt af honum" og hétu menn honum góðu um það.

En Björn gekk í skálann inn og leitaði orðheilla við menn og spurði á hinn æðra bekk hinn ysta mann hvort hann væri jafnsnjallur honum en hann kvað fjarri það fara. Síðan spurði hann hvern að öðrum þar til að hann kom fyrir öndvegið. Ýmissa orða leituðu menn sér en þar kom niður að engi kvaðst jafnsnjallur honum. En er hann kom fyrir Vigfús þá spurði hann hvar Vigfús vissi slíkra garpa vonir en hann lést eigi vita hans jafningja.

Þá mælti hann: "Vel er svarað og hyggilega sem von var að. Þú ert virðingamaður mikill og gengið lengi að óskum líf þitt og engi hnekking komið vegs þíns og sóma. Nú er það vel að eg þarf ekki við þig annað að mæla en gott eitt en spyrja vil eg þig ef þú þykist jafn við mig?"

Hann svarar: "Þá er eg var ungur og í víkingu og vann nokkuð til frama, nú veit eg eigi hvort eg mætti þá við þig jafnast en nú hálfu síður að eg em gamall og örvasi."

Hann snýr á brott þaðan og fer utar með öðrum bekk og spyr enn ef þeir þykjast jafnsnjallir honum en þeir kváðust eigi jafnsnjallir honum. Þá kom hann að þar er Glúmur lá í pallinum.

"Hví liggur sjá maður svo," kvað Björn, "en situr eigi?"

Sessunautar hans svöruðu og veittu honum orðafullting og kváðu hann svo óvitran að ekki mark mátti að þykja hvað hann mælti. Björn spyrir á honum fæti sínum og mælti að hann skyldi sitja upp sem aðrir menn og spurði ef hann væri jafnsnjallur honum.

En Glúmur kvað hann ekki þurfa að eiga við sig og kvaðst eigi vita um snilli hans "og vil eg af því engu við þig jafnast að út á Íslandi mundi sá maður kallaður fól er þann veg léti sem þú lætur. En hér hefi eg vitað alla best orðum stilla," hleypur upp síðan og að honum, þrífur af honum hjálminn. Síðan hnykkir hann upp eldistokki og keyrir á milli herða honum og lýtur kappinn við og þegar annað og hvert að öðru svo að hann féll. Og þá er hann vildi á fætur færast þá laust hann í höfuð honum og lét svo þar til að hann kom út fyrir dyr.

En þá er Glúmur vildi til sætis er Vigfús kominn á gólfið og allir þeir og fagnaði þá vel frænda sínum, kvað hann nú hafa raun til gert að hann var hans ættar: "Skal eg nú virða þig sem okkur sómir," lést það til hafa gengið í fyrstu að honum sýndist hann eigi bráðgervilegur, "vildi eg þess að bíða er þú færðir þig með skörungskap í þína ætt." Leiðir nú hann til sætis hjá sér.

Glúmur kvaðst þiggja mundu það sæti þótt fyrr væri.

Annan dag eftir er sagt andlát Bjarnar.

Vigfús bauð Glúmi að taka ríki eftir sig og virðing en Glúmur kvaðst þiggja vilja en fara þó út fyrst til Íslands að eigi eignuðust þeir föðurléifð hans er hann ann eigi að njóta, kvaðst aftur munu koma sem fyrst. Vigfús kvaðst ætla það forlög Glúms að auka sína ætt og sóma á Íslandi.

Að sumri lætur Vigfús búa skip til handa Glúmi og gefur honum farminn á og mikið fé í gulli og silfri og mælti: "Svo segir mér hugur um að við sjáumst eigi síðan en einkagripri vil eg þér gefa, feld og spjót og sverð er vér höfum mikinn trúnað á haft frændur. Og meðan þú átt gripina vænti eg að þú týnir eigi virðingu en þá em eg hræddur um ef þú lógar þeim."

Síðan skiljast þeir.

## 7. kafli

Nú fer Glúmur út til Íslands og heim til Þverár. Og móður sína hitti hann brátt og fagnaði hún honum vel og sagði ójafnað þeirra feðga og bað hann þó hafa við þolinmæði en kvaðst til lítills um fær að ganga þeim í móti. Síðan reið hann heim að garði.

Þá sá hann að færður var garðurinn og gengið á hans hlut og þá kvað hann vísu:

Nær gengr mér og mínum,  
mendöll, hjúum öllum,  
þverr við glaum, hinn græni  
garðr en oss of varði.  
Verðr hróðrskotað harðla,  
hér tíni eg það, mínum,  
munat enn of styr stála  
starflaus, föðurarfi.

En það hafði orðið til tíðinda út hér meðan.

Sigmundur óhægði Ástríði og vildi koma henni af staðfestu.

Um haustið varð vant kvígna tveggja, er Glúmur hafði utan verið, þeim Þorkatli og Sigmundi og hugðu það að stolið mundi vera og létu líklegasta til þræla er Ástríður átti og segja þá einætum etið hafa og stefndu þeim um vorið um stuld. En þessir þrælar voru miklu hollastir Ástríði fyrir umsjá og verknað.

Hún þóttist varla mega búi sínu halda ef þeir færu frá og fer á fund Þorsteins sonar síns og segir honum hvern ágang þeir veita, biður hann svara fyrir þrælana: "Vil eg heldur fé bæta fyrir þá en þeir verði sekir um álygi ef eigi er betri föng á og þætti mér þú nú eiga að vera brjóst fyrir oss og segjast svo í góða ætt."

Þorsteinn lést það ætla að mál muni svo upp borið af þeirra hendi að þeir munu ætla að fylgja með afla mága sinna: "Sýnist mér það ráð ef þessir menn halda upp ráði þínu að vér eigum hlut í fébótum að þeim komi við."

Hún svarar: "Svo segir mér hugur um að þær einar fébætur verði er oss mun meins í leitað. En fyrir því að þar er til lítillar liðsemdar að leita er þú ert mun verða að leggja á þeirra vald."

En þau gæði fylgdu mest Þverárlandi, það var akur er kallaður var Vitaðsgjafi því að hann varð aldregi ófrær. En honum hafði svo skipt verið með landinu að sitt sumar höfðu hvorir.

Nú segir Ástríður þeim feðgum að "mér líst að þið viljið mjög fyrirkomu mínu ráði og sjáið það að hér þrýtur forystu. En heldur en þrælar séu upp gefnir vil eg þetta mál leggja á ykkarn dóm."

Þeir kváðu það viturlegra ráð. Gera þeir nú ráð sitt. En sú var ráðagerð þeirra að hafa sjálfðæmi fyrir þrælana eða sekja þá. En Þorsteinn fylgdi eigi betur málinu en þeir höfðu sjálfðæmi og gerðu til handa sér akurinn að þeir skyldu hann einir eiga og ætla svo að komast að landinu öllu að kippa undan þeirri stoð er áður hélt mest upp ráði hennar.

Og það sumar er þá fór í hönd átti hún að hafa akurinn ef að réttu færi. En um sumarið er menn fóru til þings, er þessu máli var sett, þá fór nautamaður um haga og fann kvígurnar í einu jarðfalli og hafði fokið yfir öndverðan vetur og varð nú bert illmælið við þrælana.

Og er þeir feðgar spurðu að kvígurnar voru fundnar þá buðu þeir fé að gjalda fyrir akurinn en þeir vildu eigi láta handsöl sín af akrinum.

En Ástríður segir að eigi muni þó of mikið koma fyrir illmælið þó að hún hefði sitt "og vil eg annaðhvort hafa það er eg á eða missa. Þó vilja engir rétta málið, þá skal enn bíða og vænti eg að Glúmur muni út koma og leiðrétt vort mál."

Sigmundur segir: "Seint til vonar sá mun erja. Situr sá nú í hjá er líklegri væri til þinna sona."

Hún segir: "Illa sest oft ofsinn Sigmundur og rangindi. Kann og vera að það hendi þig."

Og litlu síðar sumars kom Glúmur út og er litla hríð við skip, fer til bús síns með auð fjár. En hið sama skaplyndi hafði hann sem fyrr, var fálátur og lét sem hann heyrði eigi það er gerst hafði út hér meðan. Hvern morgun svaf hann til dagmála og annaðist ekki um bú. Það sumar áttu þau Glúmur akurinn að hafa ef að réttu færi. Fé Sigmundar gekk þeim að meini mjög og var hvern morgun í túni þeirra.

Einn morgun vakti Ástríður Glúm og sagði að nautafjöldi Sigmundar var kominn í tún og vildi brjóta andvirki "en eg hefi eigi fráleik til að reka í brott en verkmenn að vinnu."

Hann svarar: "Lítt hefir þú mig til vinnu kvatt og skal eigi illa við verða."

Sprettur hann upp og tekur hest sinn og í hönd sér trélurk og keyrði nautin knálega og barði þau mjög þar til er þau koma í tún Þorkels og Sigmundar, lætur þau þar spilla sem þau vildu. Þorkell gætti heima andvirkis um morgna en Sigmundur fylgdi húskörlum.

Þorkell mælti við Glúm: "Þess áttu von að menn munu það eigi sitja þér ef þú meiðir fé manna þóttu þykist hafa framið þig utanlendis."

Glúmur kvað ómeidd vera öll naut hans nú "en ef þau koma oftar oss að meini þá munu eigi öll ólamið og láttu þó vel yfir. Þú kemur því einu við. Munum vér og eigi lengur hafa mein af fé yðru."

Þá mælti Þorkell: "Stórlega lætur þú nú Glúmur. Slíkur glópalldi þykir oss þú nú sem þá er þú fórst utan og munum vér ekki vort ráð gera eftir geipun þinni."

Glúmur veik heim og setti að honum hlátur og brá honum svo við að hann gerði fölván í andliti og hrotu úr augum honum tár þau er því voru lík sem hagl það er stórt er. Og þann veg brá honum oft við síðan þá er víghugur var á honum.

## 8. kafli

Það er sagt þá er á leið á haustið að Ástríður kom enn að máli við Glúm einn morgun og vakti hann og bað hann skipa til verks, kvað nú heyverkum lokið verða í dag ef svo væri til skipað sem hæfði. Lokið höfðu þeir Sigmundur heyverkum fyrir stundu.

"Og fóru þau Sigmundur og Vigdís snemma í morgun til akurs Vitaðsgjafa og munu þau vel hyggja er þau hafa akurinn er vér ættum ef að réttu færi."

Þá stóð Glúmur upp og varð þó eigi fyrr búinn en að dagmálum. Hann tók þá feldinn blá og spjótið gullrekna í hönd sér, lét söðla hest sinn.

En Ástríður sagði: "Mjög vandar þú nú sonur minn búning til heyverksins."

Hann svarar: "Eigi fer eg oft til að vinna en bæði skal þá gera mikið að og búast vel til og kann eg þó ekki vel til verksins að skipa. Mun eg ríða til Hóla upp og þiggja heimboð að Þorsteini bróður mínum."

Síðan reið hann suður yfir ána. En þá er hann kom til akursins þá tók hann dálkinn úr feldinum. En þau voru í akri Vigdís og Sigmundur.

Og er hún Vigdís sá hann gekk hún í mót honum og bað hann heilan koma "þykir oss það illa er svo fátt er í frændsemi vorri og viljum vér eiga í allan hlut að fleira sé um."

Glúmur svarar: "Ekki er enn þess að orðið er eigi megi vel verða í frændsemi vorri. En því veik eg hingað að dálkurinn er úr feldi mínum og vil eg að þú saumir á nisting."

Hún lést það gjarna vilja og gerði hún það.

Glúmur leit yfir akurinn og mælti: "Eigi brást hann Vitaðsgjafi enn."

Síðan fór hann í feldinn og tók spjótið í hönd sér. Síðan snarar hann að honum Sigmundi og brá spjótinu en hann spratt upp í móti en Glúmur hjó þegar í höfuð honum og þurfti Sigmundur eigi fleiri.

Þá gekk hann að Vigdísi og sagði að hún skyldi heim fara "og seg Þorkatli að Sigmundur er eigi einfær af akrinum."

En Glúmur reið upp til Hóla og segir bróður sínum engi tíðindi. En er Þorsteinn sá gerðar hans er hann hafði bæði feld og spjót þá fann hann blóð í málunum og spyr ef hann hefði höggvið með því fyrir skömmu.

Hann svarar: "Það er satt. Eigi hefir mér í hug komið að segja," kvað Glúmur, "að eg drap Sigmund Þorkelsson í dag."

Þorsteinn segir: "Það mun þeim tíðindi þykja, Þorkatli eða Esphælingum mágum hans."

Glúmur svarar: "Það er fornt mál, að blóðnætur eru hverjum bráðastar, og mun þeim þykja lítils vert um er frá líður."

Glúmur var þar þrjár nætur að kynni sínu en þá býst hann heim. Þorsteinn býður að fara með honum.

Glúmur segir þess eigi þurfa: "Gættu bús þíns. Eg mun ríða rétta leið mína til Þverár. Munu þeir ekki svo mjög eftir þessu ganga."

Fer Glúmur heim til Þverár.

En er tíðindi þessi spyrjast fer Þorkell á fund Þórarins og leitar þangað ráða og meðferðar.

Hann segir: "Vera má nú þá að hún segi Ástríður að hann hafi eigi til engis risið á legginn."

Þorkell segir: "Það ætla eg að hann hafi á þann legg risið er hann fær eigi á stigið."

Þórarinn svarar: "Það er nú sem gerist. Hafið þér lengi sýnt þeim ójafnað og ætlað að færa þau við útgarða og litið eigi á það hver von væri á um afkvæmi slíkra manna sem Eyjólfur var er bæði var ættstór og hinn mesti garpur. En oss er vandi á mjög mikill við Glúm fyrir frændsemis sökum en við yður um mægðir og óhóglegt sýnist mér málið ef Glumur fylgir sem eg get að vera muni."

Þá fór Þorkell heim og voru þessi mál kyrr um veturinn. Glumur hafði nökkvi mannfleira en hann var vanur um veturinn.

## 9. kafli

Það er sagt að Glúm dreymdi eina nótt. Hann þóttist vera úti staddur á bæ sínum og sjá út til fjarðarins. Hann þóttist sjá konu eina ganga utan eftir héraðinu og stefndi þangað til Þverár. En hún var svo mikil að axlirnar tóku út fjöllin tveggja vegna. En hann þóttist ganga úr garði á mót henni og bauð henni til sín og síðan vaknaði hann.

Öllum þótti undarlegt en hann segir svo: "Draumur er mikill og merkilegur en svo mun eg hann ráða að Vigfús móðurfaðir minn mun nú vera andaður og mundi kona sjá hans hamingja vera er fjöllum hærra gekk. Og var hann um aðra menn fram um flesta hluti að virðingu og hans hamingja mun leita sér þangað staðfestu sem eg em."

En um sumarið er skip komu út spurðist andlát Vigfúss.

Þá kvað Glumur vísu:

Fara sá eg hólms und hjálmi  
hauks í miklum auka  
Jörð að Eyjafirði  
ísungs, fira dísi,  
þá svo að dóms í draumi  
dals ótta mér þótti  
felli-Gunnr með fjöllum,  
fólkvandar bjóðr, standa.

Um vorið hitti Þorkell Þorvald krók og aðra sonu Þóris, leitar eftir að þeir muni fylgja þessu máli. En hann taldi til skyldu við dóttur sína og marga aðra vináttu er hann hefir þeim gert og Sigmundur sonur hans. Þorvaldur hittir Þórarinn, segir að ámællissamt mun verða nema þeir fylgi máli mágs síns.

Hann lést vilja slíkt allt að veita sem hann hefir föng á "og það er nú auðsætt að Glumur ætlar að miklast af vígi Sigmundar en vér unnum oss eigi verr metorða í héraðinu."

Þórarinn segir: "Svo líst mér sem vant muni svo málinu að fylgja að öruggt sé að vér vöxum af. Og enn við uppgang Glúms er þess eigi örvænt að honum kippi í kyn og ætt sína. Fer eg því tregari að en þér að mér sýnist óvís virðingin að deila við Glúm en mér þykir og eigi gott ef aukast vill óvirðing vor."

En með áeggjun þá bjó Þórarinn Þórisson mál til alþingis á hendur Glúmi um víg Sigmundar en Glumur bjó mál til á hendur Þorkatli hinum háva um illmæli við þrælana og annað bjó hann á hönd Sigmundi og stefndi honum um stuld og kvaðst hann drepið hafa á eign sinni og stefnir honum til

óhelgi er hann féll á hans eign og gróf Sigmund upp.

Síðan fóru mál til alþingis við svo búið og sótti Glúmur þá frændur sína að liðveislu, Gissur hvíta og Teit son Ketilbjarnar frá Mosfelli og Ásgrím Elliða-Grímsson og segir þeim allan málavöxt og ágang þeirra feðga og ranglæti og marga svívirðing. Kvaðst hann þar vætta eflingar til rétttra laga er þeir voru en hann væri sjálfur fyrir. Þeir kváðust allir þess skyldir að hans hlutur lægi eigi í óvina hendi, kváðust fegnir því verða ef hans uppreist yrði í þeirri ætt.

Líður þingið að dómum fram og hafa Esphælingar fram vígsmálið með áeggjun þeirra er harma sinna áttu að minnast en víst væri að eigi mundu spjöllin á vera. Glúmur hefur málið á hendur Þorkatli og komu sakar í dóm. Hafði Glúmur mikinn frændaafla og vina.

Og er til varna var boðið, Glúmur segir: "Á þá leið er að það má mörgum kunnigt vera að þér hafið málið meir til búið með óskapi en eigi séu spjöllin á því að Sigmund drap eg á mínu fé og áður eg riði til þings stefndi eg honum til óhelgi."

Hann nefndi sér að því votta og ver svo sökina og veittu þeir frændur honum svo að Sigmundur féll óheilagur. Síðan hefir Glúmur mál fram á hendur Þorkatli um bekrád til fjár síns og horfir þar óvænt Þorkatli því að vitni gengu að með Glúmi og finnast þar eigi lögvarnir í móti og horfði til þess að Þorkell mundi verða sekur. Var leitað um sættir við Glúm.

Hann segir þá tvo kosti vera, að hann mundi sök fram hafa eða Þorkell seldi honum Þverárland með slíku verði sem hann vildi á kveða og var það eigi betur en hálfvirði: "Má og Þorkell það ætla ef hann verður sekur að við skulum eigi báðir á þingi annað sumar."

Og nú áttu hlut í vinir Þorkels að hann sættist og tók Þorkell það ráð sem honum hæfði, sættist á mál og seldi Glúmi landið, skyldi búa þau misseri og voru þá sáttir að kalla og undu Esphælingar illa við málalok. Og héðan frá greiri aldregi um heilt með þeim Glúmi og Esphælingum.

Og áður Þorkell fór á brott frá Þverá þá gekk hann til hofs Freys og leiddi þangað uxa gamlan og mælti svo: "Freyr," sagði hann, "er lengi hefir fulltrúi minn verið og margar gjafar að mér þegið og vel launað, nú gef eg þér uxa þenna til þess að Glúmur fari eigi ónauðgari af Þverárlandi en eg fer nú. Og láttu sjá nokkurar jartegnir hvortú þiggur eða eigi."

En uxanum brá svo við að hann kvað við og féll niður dauður og þótti Þorkatli vel hafa við látið og var nú hughægra er honum þótti sem þegið mundi heitið. Hann fór síðan norður til Mývatns og bjó þar og er hann úr sögunni.

## 10. kafli

Glúmur tók nú virðing mikla í héraðinu.

Sá maður bjó að Lóni í Hörgárdal er Gunnsteinn hét, mikilmenni og auðigur og taldur með hinum stærrum mönnum. Hann átti konu þá er Hlíf hét. Þorgrímur hét sonur þeirra og var kenndur við móður sína og var kallaður Hlífason fyrir því að hún lifði lengur en Gunnsteinn. Hún var skörungur mikill. Þorgrímur var mannaður vel og gerðist mikilmenni. Grímur hét annar sonur þeirra er kallaður var eyrarleggur. Halldóra hét dóttir þeirra. Hún var væn kona og vel skapi farin. Sá kostur þótti vera einhver bestur fyrir sakar frænda og mest kunnustu og framkvæmdar hennar. Þessar konu bað Glúmur.

Lést hann lítt þurfa mundu frænda að segja ætt sína né svo fjárluti eða atferð, "það mun yður kunnigt vera en ráðakost þenna hefi eg mér ætlað með því að frændur hennar vilja."

Honum var vel svarað þessu máli. Er hún föstnuð Glúmi með miklu fé og gert brullaup þeirra vel. Og nú er hans ráð enn virðulegra en áður.

Þorvaldur hét maður Refsson er bjó að Barði í Fljótum. Hann átti Þuríði dóttur Þórðar frá Höfða. Börn þeirra voru Klaufi og Þorgerður er átti Þórarinn á Espihóli.

Þorvaldur krókur á Grund átti Þorkötlu úr Þjórsárdal.

Hlenni hinn gamli Örnólfsson töskubaks bjó í Víðinesi og átti Oddkötlu Oddkelsdóttur úr Þjórsárdal.

Gissur hét maður og var Kaðalsson. Hann bjó að Tjörnum í Eyjafjarðardal. Hann átti konu þá er Saldís hét. Hún var gild húsfreyja. Gissur var og í hinu stærra bónda tali, vel fjár eigandi. Dætur þeirra eru tvær nefndar, Þórdís og Herþrúður, konur vænar og oflátar miklir, þóttu vera kostir góðir, óxu þar upp heima. Bróðir Gissurar hét Runólfur. Hann var faðir Valgerðar, móður Eyjólfis á Möðruvöllum. Þórdís var dóttir Kaðals er átti Þórir á Espihóli og þeirra börn voru þau sem sagt var fyrr. Þorgrímur Þórisson var eigi Þórdísar sonur og þó skilgetinn. Þorgrímur var mikilmenni og vel að sér. Hann ríður á fund Gissurar þess erindis að biðja Þórdísar dóttur hans sér til eiginkonu. Voru flytjendur þessa máls bróðir hans og vinir, frændur konunnar, þóttust vera nær komnir að ráða fyrir kosti frændkonu sinnar og leist þeim allvænlega stofnað. En Þorgrími var synjað konunnar en öllum þótti hann hafa mælt til jafnræðis og fyrir þótti bræðrum hans og frændum.

## 11. kafli

Sá maður er nefndur til sögunnar er Arnór hét og var kallaður rauðkinnur. Hann var Steinólfsson, Ingjaldssonar, og bræðringur Glúms að frændsemi. Hann hafði lengi í förum verið og var vel metinn og var með Glúmi jafnan er hann var út hér. Hann veik til við Glúm að hann biði konu til handa honum. Glúmur spyr hverrar konu hann vilji biðja.

Arnór segir: "Þórdísar Gissurar dóttur er Þorgrími Þórissoni var synjað."

Glúmur segir: "Óvænt þykir mér það horfa því að mér þykir ykkar engi munur. En Þorgrímur á bústað góðan og auð fjár, frændaafla mikinn en þú átt engan bústað og ónóg fé. En eg vil eigi ójafnað bjóða Gissuri svo að eigi ráði hann fyrir dóttur sinni sem hann vill því að Gissur er góðs verður frá mér."

Arnór segir: "Þá nýt eg góðra frænda ef eg get þá betra kost að þú flytjir mitt mál. Heittu honum vinfengi þínu og mun hann þá gefa konuna því að þetta mundi jafnræði kallað ef eigi hefði svo fríðum manni verið frá vísað áður sem Þorgrímur er."

Glúmur lét að eggjast og fór með honum á fund Gissurar og tjár málið fyrir honum.

Gissur svarar: "Vera kann það Glúmur," segir hann, "að það verði mælt að mér mislítist ef eg gef dóttur mína Arnóri frænda þínum en mér sýndist eigi að gefa Þorgrími."

Glúmur segir: "Rétt er mælt en þó er því að lýsa ef þú vilt vort mál virða að þar í mót mun mitt vinfengi koma."

Gissur svarar: "Það þykir mér mikils vert en grunar mig að þá komi í mót óvinfengi annarra manna."

Glúmur segir: "Þú sérð og ráð þitt en miklu mun hér um skipta minn þótta hvort þú gerir."

Þá segir Gissur: "Eigi skaltu erindlaust fara þetta sinn" og rétti fram höndina og festir Arnór sér konu.

En Glúmur segir að hann vill það til leggja að brullaup skal vera að Þverá um haustið og skilja þeir nú við svo búið.

Arnór átti malt út að Gásum og skyldi hann sjálfur sækja og húskarl einn með honum. En Þorgrímur Þórisson fór þann dag til laugar er þeirra var utan von með maltið og voru að Hrafnagilslaugu og sex húskarlar hans með honum.

En er þeir komu utan og vildu ríða yfir ána þá mælti Þorgrímur: "Mun eigi nú mjög vel fallið að hitta þá Arnór? Missum eigi maltanna ef vér skulum þó missa konunnar."

Gengu þeir Þorgrímur í móti þeim með brugðin sverð. Og er þeir Arnór sáu það hver liðsmunur var þá hleypti hann á kaf og svo yfir ána en klyfjapestarnir voru fyrir vestan ána.

Þá mælti Þorgrímur: "Eigi berum vér til alls ógiftu. Ölið skulum vér drekka en þeir munu ráða kosti konunnar."

Þorgrímur ríður til Espihóls hins syðra. Þórir var þá sjónlaus. En þeir förunautar Þorgríms voru allkátir og hlógu mjög og spyr Þórir hvað þeim þætti svo hlæglegt.

Þeir sögðust eigi vita hvorir fyrr mundu veisluna halda, sögðu þar föngin en þá frá elta er áttu "en brúðguminn á kafi."

Og er Þórir heyrir þetta þá mælti hann: "Þykir yður vel komið málinu yðru er þér hlæið svo mjög eða hvert mun nú úrræði yðvart? Ætlið þér hér í nótt að sofa og engis annars við þurfa? Eigi kunnið þér þá skaplyndi Glúms ef honum þykir góð för frænda síns. Eg kalla ráð að safna mönnum, meiri von að Glúmur hafi nú saman dregið marga menn."

Þar var þá vað á ánni er nú er ekki. Þeir söfnuðu nú að sér átta tígum vígra manna um nóttina og þjuggust við á hólnum framanverðum því að þar var vaðið á ánni við hólninn sjálfan.

En frá Arnóri er að segja að hann finnur Glúm og segir honum frá förum sínum.

Hann segir: "Ekki kom mér það að óvörum að þeir létu eigi kyrrt og er nú á vandi nokkur, svívirðing ef kyrrt er en allósýn virðing ef við er leitað að rétta en þó skal nú safna mönnum."

Og er ljóst var um morguninn þá kom Glúmur að ánni með sex tigu manna og vildi ríða yfir ána. En þeir grýttu á þá Esphælingar og gekk eigi fram reiðin og hvarf Glúmur aftur og börðust yfir ána með grjóti og skotum og urðu þar margir sárir en engir eru nefndir. Og er héraðsmenn urðu varir við þá drifu þeir til um daginn og gengu í milli og var á komið sættum og leitað hvað Esphælingar vilja bjóða fyrir ósæmdarhlut þann er þeir höfðu gert Arnóri. En þau komu svör í móti að ekki mundu bætur fyrir það koma þó að Arnór hleypti frá maltklyfjum sínum. Þá var leitað að Glúmur mundi eiga hlut í að biðja Herþrúðar Gissuradóttur til handa Þorgrími og skyldu því að eins ráð takast með þeim Arnóri og Þórdísi nema Glúmur gæti konu þessa til handa Þorgrími og þótti sú betur gefin er Þorgrímur ætti.

Nú með því að margir áttu hlut í þá heitir Glúmur sinni umsýslu, hittir Gissur og vekur þetta mál og mælti: "Það má virðast hlutgirni ef eg bið bæði konu mínum frændum og Esphælingum. En að óhöpp stöðvist í héraði þá þykist eg skyldur að veita þér mína hollustu ef þú gerir að mínum vilja."



Gissur svarar: "Svo sýnist mér best að þú ráðir því að mér sýnist vel boðið dóttur minni að þetta sé."

Takast nú ráðin hvorratveggju. Gerði Arnór bú að Uppsölum en Þorgrímur bjó í Möðrufelli. Litlu síðar andast Gissur. Þá færði Saldís byggð sína á Uppsali. Arnór gat son við Þórdísi er Steinólfur hét. Annan son átti Þorgrímur og hét sá Arngrímur og var efnilegur maður í uppvexti sínum öllum.

## 12. kafli

Saldís bauð heim dótturson sínum hvorumtveggja. Arngrímur var tveim vetrum eldri en Steinólfur og óxu eigi vinsælli menn upp í Eyjafirði eða allbetur væru að sér gervir og unnust allmikið. Þá er annar var fjögurra vetra en annar sex vetra léku þeir sér um dag og bað Steinólfur Arngrím ljá sér messingarhest.

Arngrímur svaraði: "Eg mun gefa þér því að það er nú heldur þitt leika en mitt fyrir aldurs sökum."

En Steinólfur sagði fóstru sinni hve góða gjöf hann hafði þegið. Hún kvað það vel vera að hvor þeirra var svo vel til annars.

Kona sú fór þar um hérað er Oddbjörg hét, gleðimaður, fróð og framsýn. Þótti mikið undir að húsfreyjur fögnuðu henni vel um héraðið, sagði nokkuð vilhalt sem henni var beini veittur. Hún kom til Uppsala og tók Saldís vel við henni og bað hana spá nokkuð um þá sveinana og spá vel.

Hún segir: "Vænlegir eru þessir sveinar ef þeim vinnst gæfan. Það er mér vanséð."

Saldís mælti: "Eigi ætla eg þér nú allgóðan þykja beinann fyrir skútu þessa."

Hún svarar: "Ekki mun þetta ráða verðgetum þínum og þarftu eigi svo orðvönd að vera."

Saldís mælti: "Fámælt skaltu þar um vera ef þér segir eigi vel hugur um."

Hún segir: "Ekki hefi eg enn ofmælt hér um en eigi ætla eg lengi ástúðigt með þeim."

Saldís mælti: "Annars þættist eg maklegri fyrir góðan beina og muntu vera rekin í brott ef þú ferð með illspár."

Oddbjörg segir: "Eg ætla nú eigi þurfa að hlífast við er þú lætur svo um enga sök. Mun eg þig og eigi oftast heim sækja en þú uni við svo vel sem þú vilt. En það kann eg þér að segja að þeir munu banaspjót eftir berast og mun hvað öðru verra af hljótast hér í héraði."

Og er Oddbjörg úr sögunni.

## 13. kafli

Það gerist eitt sumar á alþingi að í Fangabrekkum gengust menn að sveitum, Norðlendingar og Vestfirðingar. Gekk Norðlendingum þyngra. Var fyrir sveit þeirra Már sonur Glúms. Kemur þar að maður einn er Ingólfur hét sonur Þorvalds. Faðir hans bjó á Rangárvöllum.

Már mælti: "Þú ert þreklegur maður. Muntu vera sterkur. Veit mér að ganga til fangs."

Hann svarar: "Það mun eg gera fyrir þínar sakir."

Sá féll er í móti var, gengur til annar og hinn þriðji og fór svo. Nú hugnaði Norðlendingum.

Þá mælti Már: "Ef þú þarft míns formælis skal eg þér að liði verða eða hvað skal nú ráða þinna?"

Hann svarar: "Ekki hefi eg ráðið og vildi eg helst norður um og taka verknað."

Már segir: "Það vil eg að þú farir með mér og mun eg fá þér vist."

Ingólfur átti stóðhross góð og kallaði hestinn Snækoll. Hann fór norður af þingi til Þverár, var þar um stund.

Einn dag spurði Már hvað Ingólfur ætlaði fyrir sér: "Hér þyrfti verkstjóra og væri hagur nokkuð. Hér er sleði einn er þú skalt að gera og ertu bjarghagur ef þú kannst þetta."

Ingólfur svarar: "Til þessar vistar væri eg fúsastur en það hefir orðið stundum að mein hefir þótt að hrossum mínum í búfjárhögum."

Már segir: "Ekki mun hér að slíku talið."

Ingólfur gerir nú að sleðanum og kemur Glúmur og lítur á smíðið.

"Þetta er vel gert," segir Glúmur, "eða hvað er ráða þinna?"

Ingólfur svarar: "Eg hefi ekki ráðið."

Glúmur segir: "Mig vantar verkstjóra eða ertu nokkuð við það brugðinn?"

Hann svarar: "Lítt í slíkum stöðum en fús væri eg með þér að vera."

Glúmur segir: "Hví skal eigi það? Sé eg að þið Már leggið lag ykkart saman."

Nú kemur Már heim og segir Ingólfur honum.

Hann svarar: "Gott þykir mér ef þetta verður vel og segja mun eg þér þrisvar sinnum ef föður mínum mislíkar en ef þá gerir þú eigi að mun eg hætta."

Ingólfur tekur nú til umsýslu og líkar Glúmi vel.

Einn dag fer Glúmur til hestaþings og verkstjóri hans. Ríður hann meri en hestur hans rennur hjá. Er þar skemmtan góð. Þar var Kálfur frá Stokkahlöðu. Hann átti hestklár einn gamlan en hann kom hverjum hesti fyrir.

Hann mælti: "Hví skal eigi þann hér í móti leiða dýrkálkinn þeirra Þveræinga?"

Glúmur svarar: "Það er ójafnlegt, hestur sá og klár þinn."

Hann segir: "Því munuð þér eigi vilja að engi hugur mun í vera. Kann vera að sanni hið fornkveðna, að fé sé drottni líkt."

Glúmur svarar: "Það mun þér ókunnigt. Mun eg og eigi neita fyrir hans hönd en að mun vera eigi lengur en hann vill."

Kálfur segir: "Vonir má þess vita að fátt mun í móti yðrum vilja."

Voru hestar fram leiddir og bitust vel og þótti öllum hestur Ingólfs betur ganga og vill Glúmur þá skilja, ríða heim. Er Ingólfur þar þau misseri og hugnar Glúmi vel við hann.

Samkoma var við Djúpadalsá. Þar kemur Glúmur og Ingólfur með hest sinn. Kálfur kemur þar. Hann var vinur Esphælinga. Þar var hestur hans og býður að nú skulu þeir til þrautar leggja hestaatið. Glúmur kveður Ingólf ráða skulu. Hann lést ófús vera en nennti eigi undan að ganga. Eru hestar fram leiddir. Keyrir Kálfur hest sinn. Gengur hestur Ingólfs betur í öllum lotum. Þá keyrir Kálfur stafinn við eyra hesti Ingólfs svo að hann svimrar og þegar eftir réð hann á. Glúmur gekk þá að og náist jafnaður og lýkur svo að hestur Kálfs gekk út. Varð þá óp mikið. Og að skilnaði laust Kálfur Ingólf með stafnum. Standa menn nú á milli.

Glúmur mælti: "Gefum engan gaum að slíku. Svo lýkur hér hverju hestaþingi."

Már mælti við Ingólf: "Svo mun faðir minn til ætla að þér verði engi svívirðing að þessu höggvi."

## 14. kafli

Þorkell hét maður er bjó á Hamri. Þangað fer Ingólfur og hittir dóttur bónda. Hún var fríð kona. Faðir hennar hafði vel fé. Ekki var hann mikilmenni. Þó geymir Ingólfur vel umsýslu heima en smíðar færri en var.

Már ræddi um við hann um sinn: "Nú finn eg að föður mínum mislíkar er þú gengur frá húsi."

Ingólfur svarar vel en þó dregur til sama munar. Már talar til öðru sinni og hið þriðja sinn og stoðar þó ekki.

Það var eitt kveld er hann kom síð heim og voru menn mettir.

Þá mælti Glúmur: "Nú skulum vér taka oss fulltrúa og skemmtum oss. Mun eg kjósa fyrst og eru þír mínir fulltrúar, einn er fésjóður minn, annar öx mín, þriðji stökkabúr."

Þá kaus annar að öðrum.

Þá mælti Glúmur: "Hvern kýst þú Ingólfur?"

Hann svarar: "Þorkel að Hamri."

Hann Glúmur sprettur upp og hefir sverðshjöltin fyrir sér og gekk að honum og mælti: "Maklegan fulltrúa kaustu þér."

Allir sáu að Glúmur var reiður. Hann gekk út og Ingólfur með honum.

Þá mælti Glúmur við Ingólf: "Far þú nú til fulltrúa þíns og seg að þú hafir vegið Hlöðu-Kálf."

Hann svarar: "Hví mun eg því ljúga á mig?"

"Svo skaltu gera sem eg vil."

Og nú gengu þeir báðir saman og nú víkur hann Glúmur í hlöðu og sá þar kálf einn og höggur í höfuðið og fær honum sverðið blóðugt: "Gakk nú suður yfir ána og seg að þú væntir þar að eins trausts og sýn honum blóðugt sverðið að jartegnir séu skýrar."

Hann gerir svo, finnur Þorkel og sagði honum tíðindin að hann minntist höggs þess er Kálfur laust hann og kvaðst hafa drepið hann "og leita eg mér hingað til trausts sem þú hefir mælt."

Hann svarar: "Þú ert glópur mikill, drepið góðan dreng og dragst út sem skjótast. Eigi vil eg að þú sért drepinn í húsum mínum."

Hann fer heim og kemur á fund Glúms og spyr hann: "Hversu gafst nú fulltrúinn?"

Ingólfur svarar: "Eigi gafst vel."

Glúmur segir: "Reyn þú nú minn fulltrúa þá" og fylgdi honum í stokkabúr út, "vandhæfur muntu verða ef hann er drepinn Hlöðu-Kálfur."

Annan dag eftir er sagt víg Hlöðu-Kálfs frá Stokkahlöðu. Og nú segir Þorkell að sá maður hafði þar komið er því óhappi lýsti á sig. Hafa allir það fyrir satt. Líður nú vetur sá.

Glúmur sendir Ingólf norður til Einars Konálssonar og fékk honum níu hundruð vaðmála og mælti: "Þú hefir ekki kaup haft með mér og við féggætni þína þá máttu þessu koma þér í gagn. En mál þetta er þér er kennt mun eg annast og mun þig ekki saka. Galt eg þér það fyrir þrályndi þína. Og ef þú kemur út máttu mín vitja."

Ingólfur mælti: "Þess bið eg að þú látir eigi gifta konu frá mér."

"Því væni eg þér."

Hross hans voru þar eftir. Einar Konálsson kom Ingólfi utan. En Þorvaldur bjó mál eftir Kálf til Hegrannessþings og horfði til þess að Ingólfur mundi verða sekur. Glúmur var og þar og frændur Ingólfs nokkurir. Þeir hitta Glúm og biðja hann ásjá og kvaðust til mundu leggja og bæta fyrir hann.

Glúmur svarar: "Eg mun á sjá þetta mál fébótalaust."

Þá er dómur fór út og til varna var boðið þá sagði Glúmur að ónýtt var málið: "Hafið þér öðrum manni á hendur búið málið en vegið hefir, en víginu veld eg."

Síðan nefnir hann votta að ónýtt er málið "en þó að Ingólfur dræpi hlöðukálf gaf eg honum enga sök á því. Nú mun eg bjóða sætt, meir eftir því sem maður var verður en eftir ofsa yðrum Esphælinga."

Fóru menn heim af þingi.

Ingólfur var utan þann vetur og undi því eigi lengur. Ver fé sínu og kaupir góða gripi og tjöld þau er góðir gripir voru. Glúmur hafði gefið honum feld góðan. Þann skipti hann í skarlatkyrtil.

Og það sumar er hann fór utan kom út sá maður er Þjóðólfur hét. Móðir hans bjó á Æsustöðum. Hann fer til Hamars og hittir Helgu. Einn dag hafði Glúmur riðið upp til Hóla og er hann reið ofan til Saurbæjar kom þar í móti honum Þjóðólfur.

Þá sagði Glúmur: "Um komur þínar er mér ekki til Hamars og ætla eg mér að annast um ráð Helgu. En ef þú lætur eigi af mun eg bjóða þér hólmgöngu."

Hann svarar og kveðst ekki mundu keppa við Glúm og lætur af komum.

## 15. kafli

Nú kemur út Ingólfur og fer til Þverár og tekur Glúmur við honum og bauð með sér setugrið. Það þiggur hann.

Einn dag mælti Ingólfur: "Nú vil eg Glúmur að þú sjáir yfir varning minn."

Hann gerir svo og sýnist honum vel varið vera.

Þá mælti Ingólfur: "Þú fékkst mér fararefni. Nú kalla eg þig eiga þetta fé."

Þá segir Glúmur: "Það eitt fé hefir þú að eg ætla ekki mér það."

"Hér eru þó tjöld er eg hefi keypt til handa þér. Þau skaltu þiggja og hér er einn kyrtill."

Glúmur svarar: "Þiggja skal eg gjafar þínar."

Einn dag spurði Glúmur hvort Ingólfur vildi vera heima með honum.

Ingólfur svarar: "Það er í hugnum að skiljast eigi við þig ef þess er kostur. Stóðhross mín vil eg þér gefa."

Glúmur segir: "Eg mun þiggja hrossin en nú skulum við finna Þorkel á Hamri í dag."

Svo gera þeir. Þorkell fagnar vel Glúmi.

Þá mælti Glúmur: "Þú hefir gert sakar við Ingólf en nú máttu bæta það með þeim hætti að gifta honum dóttur þína. Er hann þess ráðs maklegur en eg mun fé til leggja með honum og eg hefi hann reynt að góðum dreng. En ef þú gerir eigi svo muntu missmíði á sjá."

Þessu játar hann og fær Ingólfur þessar konu og gerist búmaður og nýtur drengur.

## 16. kafli

Glúmur gifti Þorlaugu dóttur sína Víga-Skútu að Mývatni norður og fyrir sakar þeirra sundurlyndis þá lét hann hana fara heim til Þverár og lét hana eina. Það líkaði Glúmi þungt. Síðan bað hennar Arnór kerlingarnef og átti hana. Frá þeim eru komnir göfgir menn. Síðan var með þeim Glúmi og Skútu fæð mikil.

Eitt sumar kom einn einhleypingur á fund Skútu og bað sér viðtöku. Hann spurði hvað honum var á höndum. Hann lést vera vígamaður og eiga óvært í sínum héruðum.

Skúta segir: "Eigi veit eg mér vanda á við þig eða hvað viltu til vinna ásjá minnar?"

Hann svarar: "Til hvers mælir þú?"

Skúta segir: "Þú skalt fara sendiför mína til Víga-Glúms og mæla þessum orðum við hann að þú þykist þurftugur að hann sé forstjórnarmaður þíns ráðs. Eg get að nú beri svo til um fund ykkarn að hann sé í þingreið. Hann er þrautgóður ef menn þurfa hans og má vera að hann mæli að þú farir til Þverár og bíðir hans þar. Þú skalt segja að meir sé þér þröngt og þú vildir heldur mega tala við hann einn saman. Og með því kann vera að hann leggi nokkur ráð til. Þess skaltu beiðast að hitta hann í Miðárdal er gengur upp frá bænum að Þverá og sel hans standa í. Lát þér þar líka að finna hann að á kveðnum

degi."

Þessu játar hann og gengur nú allt þetta eftir því sem Skúta setur ráð til. Þessi flugumaður kemur nú aftur til Skútu og sagði honum.

Hann segir: "Þá hefir þú vel leyst þitt erindi og ver nú með mér."

Nú líða stundir og er þar kemur tíma sem Glúmur hafði heitið sendimanni að þeir mundu finnast þá býst Skúta heiman með þrjá tigu manna. Hann ríður norðan og kemur vestur yfir Vöðlaheiði og á hjalla þann er heitir Rauðahjalli. Þar stíga þeir af baki.

Þá mælti Skúta: "Hér munuð þér eiga dvöl um hríð en eg mun ríða inn með hlíðinni, vita ef nokkuð verði til fengjar."

Hann sér er hann sækir í dalinn að maður reið upp frá Þverá, mikill og í kápu grænni, og kennir að þar ríður Glúmur. Þá steig hann af hestinum. Hann hafði vesl yfir sér tvískipt, svart og hvítt. Hann lét hestinn í rjóðrið og gengur síðan til selsins og var Glúmur þá kominn í selið. Skúta hafði sverð í hendi það er Flugá hét og hjálm á höfði, gengur að seldyrnunum og laust á vegginn og víkur síðan hjá selinu. Glúmur gengur út svo að hann hafði ekki í hendi, sér engan mann, snýr hjá selinu. Komst þá Skúta í milli hans og seldyranna. Þá kennir Glúmur manninn og hopar undan en árgljúfrin voru nær selinu. Skúta biður hann biða. Hann telur það jafnlegt ef þeir væru jafnbúnir við. Glúmur hopar að gljúfrunum en Skúta sækir eftir. Glúmur steypist ofan fyrir gljúfrin en Skúta leitar þar ofan er ganga mátti og sér í gljúfrunum hvar kápuna rak og hleypur til og leggur þegar til.

Þá heyrir hann mál yfir sig: "Lítill fremd að spilla klæðum manna."

Skúta sér upp og kennir þar Glúm. Hann hafði raunar vitað að þar var undir tó ein er hann fór ofan.

Þá mælti Skúta: "Á það áttu að minnast Glúmur að nú hefir þú runnið og beiðst eigi Skútu."

Glúmur segir: "Satt er það en vilja mundi eg það að þú rynnir eigi skemmra áður sól settist í kveld."

Þá kvað Glúmur þetta:

Hálfs eyris met eg hvern  
hrísrunn fyr á sunnan.  
Vel hafa víðir skógar  
vargi oft um borgið.

Þar skilur með þeim því sinni. Fer Glúmur heim og safnar sér liði og segir hvert vélræði fyrir hann var sett, lést og vilja að brátt gyldist. Hann fær á skammri stundu sex tigu manna, ríða upp í dalinn. Skúta gekk til hests síns þá er þeir Glúmur skildu og reið með hlíðinni og sér nú mannareiðina og veit að það má honum eigi endast að finna þá, leitar sér ráðs, brýtur spjótið af skafti og hefir fyrir staf, tekur af söðulinn og ríður berbakt, snýr veslinu, ríður að sauðum og æpir hátt. Þeir koma eftir og spyrja ef hann sæi nokkurn mann ríða um leitið fram með vopnum, skörulegan. Hann kveðst séð hafa.

Þeir spurðu: "Hvað heitir þú?"

Hann svarar: "Eg heiti Margur í Mývatnshverfi en Fár í Fiskilækjarhverfi."

Þeir segja: "Skætingu og spotti viltu svara oss."

Hann lést eigi sannara kunna að segja og skilur með þeim. Og þegar þeir voru skildir tók hann vopn sín og söðulreiði, reið hvatlega til manna sinna. Þeir finna Glúm og sögðu að þeir fundu mann er þeim svaraði spotti einu og sögðu hvað er hann nefndist.

"Nú hefir orðið ráðfátt," segir Glúmur, "þar hafið þér Skútu fundið eða hvað mátti hann sannara segja því að í Mývatnshverfi er margur hellisskúti en í Eyjafirði í Fiskilækjarhverfi hittir engi skúta og hefir nú nær haft með oss og eftir skulum vér enn ríða."

Koma að hjallanum og eru þeir þar fyrir. En þar er einstigi að og er þar betra að verja með þrjá tigu manna en sækja að með sex tigungum.

Þá mælti Skúta: "Kostgæft hefir þú nú mjög að sækja eftir mér. Má nú vera að þú þykist þess eiga í að hefnast fyrir undanhaldið og gott áræði barstu til að hlaupa í gilið. Ekki varstu þá ófóthvatur."

Glúmur segir: "Satt var það. Kunnir þú og hræddur að verða þá er þú lést vera sauðreki þeirra Eyfirðinga og leyndir vopnum þínum en þú braust sum. Ætla eg að eigi rynnir þú skemmri leið en eg."

"Hversu sem hér til hefir farið þá sæk nú með hálfu fleira lið."

Glúmur svarar: "Eg ætla að nú munum við skilja að sinni. Verður nú virt sem má í hvorn stað."

Skúta ríður nú norður en Glúmur heim til Þverár.

## 17. kafli

Þá er Þórir andaðist gerði Þórarinn bú fyrir norðan Espihól og bjó þar.

Glúmur gat börn við konu sinni. Hét Már sonur hans, sem var getið, annar Vigfús. Voru báðir efnilegir og allólíkir. Már var hljóður og spakur en Vigfús hávaðamaður mikill, ójafnaðarmaður, rammur að aflu og fullhugi.

Sá maður var með Glúmi er Hallvarður hét, lausingi hans og fóstri Vigfúss. Hann rakaði fé saman, refjusamur í fjárreiðum. Hann handsalaði Vigfúsi fé sitt. Ekki var hann orðsæll. Hann gerði bú á bæ þeim er að Tjörn heitir uppi í Eyjafjarðardal, og bötnuðu ekki vinsældir hans við það, og var svo mjög hendisamur í afréttum. En Vigfús var farmaður mikill.

Sá maður bjó á Jórunnarstöðum er Halli hét og var kallaður Halli hinn hvíti. Hann var Þorbjarnarson. Móðir hans hét Vigdís. Hún var dóttir Auðunar rotins. Hann hafði fóstarað Einar Eyjólfsson er þá var kominn byggðum í Saurbæ. Halli var sjónlaus. Hann var við öll sáttmál riðinn í héraði því að hann var bæði vitur og réttæmur. Hans synir voru þeir Ormur og Brúsi skáld og bjuggu þeir í Torfufelli en Bárður bjó á Skáldstöðum. Hann var hávaðamaður og ójafnaðarmaður mikill og vígur hverjum manni betur, örmálugur og ákastasamur. Hann átti Unu Oddkelsdóttur úr Þjórsárdal.

Haust eitt hurfu Halla hinum hvíta úr afrétt tíu eða tólf geldingar og fundust eigi. Og er þeir Bárður feðgar fundust spurði Halli hvað hann ætlaði af geldingum hans orðið.

Bárður svarar: "Ekki undrast eg þó að sauðir hverfi er þjófar sitja í næsta húsi síðan er Hallvarður kom hingað í sveit."

Halli segir: "Það vil eg að þú búir mál til á hendur honum og stefnir honum um stuld og get eg að Glúmur beri eigi af honum tólfarkviðinn ef eg læt búa þjófsök á hendur honum."

Bárður svarar: "Torsótt mun að sækja tólfarkviðinn að þeim feðgum."

## 18. kafli

Nú býr Bárður mál til. Og er Vigfús veit það segir hann föður sínum að eigi mun honum hugna að menn búa þjófsök á hönd fóstura hans.

Glúmur svarar: "Veistu að hann er ótrúr og mun óvinsælt verða málið að bera af honum kviðinn."

Vigfús segir: "Um stærra vildi eg að þá væri að mæla."

Glúmur svarar: "Beta þykir mér að gjalda fyrir hann og fari hann hingað og bregði búi heldur en leggja fyrir slíkan mann virðing mína."

Nú koma menn til þings og málið í dóm og á Glúmur að bera tólfarkvið. Þá varð Vigfús var við að hann ætlaði á að bera kviðinn og gekk að dóminum og kveðst vilja mundu, ef fósturi hans yrði sekur, að Glúmi þætti það alkeypt. Og varð svo að Glúmur ónýtti málið og ber af honum kviðinn og fékk af óvirðing.

En er þaðan leið vetur eða tveir þá hvarf Halla túngöltur svo feitur að trautt mátti rísa. Þá kom Bárður um dag og spurði ef galti væri drepinn. Halli sagði horfinn vera.

Bárður svarar: "Hann mun farinn að leita sauða þeirra er stolið var hið fyrra haust."

Hann segir: "Þess get eg að eina leið hafi farið. Muntu stefna vilja Hallvarði?"

Bárður svarar: "Svo skal vera því að nú mun Glúmur eigi af honum bera kviðinn því að Vigfús olli þá er af var borinn en nú er hann eigi hér á landi."

Bárður tekur málið og fer í stefnuför. Og er hann finnur Hallvarð hefir hann skjót málalok, höggur af honum höfuð, sagði síðan föður sínum. Hann lét illa yfir og fer þegar á fund Glúms og sagði honum atburðinn og býður honum eindæmi. Glúmur þiggur það, gerir lítið fé en lét gjalda fyrir göltinn og sauðina og mælist það vel fyrir. En er Vigfús kom út varð hann illa við dráp Hallvarðs.

Glúmur segir: "Eigi skal hlýða að bregða þessi sætt er nú er ger."

Nú áttust þeir ekki við þó að þeir fyndust Bárður og Vigfús.

Annað sumar var stofnað hestaþing það er öllum hestum skal etja þeim er til voru í héraðinu og skyldu þeir í mót úr hinum efra hrepp og hinum neðra og skyldu sinn mann hvorir til taka og kveða að hvorir betur hefðu og skulu þeirra atkvæði standa er til voru kosnir. Ofan úr hrepp var Bárður til kosinn en úr neðra hrepp Vigfús Glúmsson. Var þar fjöldi hesta og góð skemmtan og mjög jafnvígi og voru mörg hestavíg senn um daginn. En svo lauk að jafnmargir höfðu vel bitist og jafnmargir runnið og urðu þeir á það sáttir að jafnvígi væri.

En þá lést Vigfús eiga hest er eigi var att "og er sá bestur þeirra er hér hafa í dag komið. Leiðið þér þar í mót nokkurn."

Bárður svarar: "Vondur líst oss sjá. Munum vér engan þar mót láta og köllum þó jafnvígi."



Vigfús segir: "Skortir yður þá og muntu eigi það vilja að mælt sé að þér hafið eigi við."

"Vel hefir þú einurð haldið hér til en nú skýjar á heldur og finnst nú það á að þú munt oftara hafa staðið nær búrhillum og ráðið um matargerð með móður þinni en gengið að hestavígum og er þann veg litt skegg þitt eigi síður."

Vigfús hló að og margir aðrir. Kemur húskarl Halla heim og spurði hann að hestaþinginu.

Húskarlinn svarar: "Jafnvígi þótti þeim."

Halli spurði: "Urðu þeir ásáttir Bárður og Vigfús?"

Hann svarar: "Víst vel. Þó mælti Bárður orð eitt við Vigfús."

Hann spurði: "Hvert var það?"

Hann segir.

Halli mælti: "Það er illt efni."

Húskarlinn segir: "Hló Vigfús að."

Halli svarar: "Það er vani þeirra feðga að hlæja þá er víghugur er á þeim."

Finnast þeir feðgar Halli og Bárður og spyr Halli hví honum yrði það fyrir að mæla svo ferlegt "og uggir mig að dragi til mikillar ógiftu. Mun það eitt ráð að þú farir utan og sækir þér húsavið og ver utan þrjá vetur ella muntu feigur."

Bárður segir: "Ekki lag væri að ef þú værir eigi ragur, slíkt gerir ellin að hræðist um sonu þína."

Halli svarar: "Þóttú sért hetja mikil mun þér torsótt að halda þig í héraðinu."

Hann gerir eftir ráðum föður síns og fer utan.

Síðan kaupir Halli að einum einhleypingi að fara í Skagafjörð eða vestur þaðan og segja að Bárður færi af því utan og treystist eigi öðru fyrir þeim feðgum en fara utan fyrir eitt orð "og engi þorir þeim í mót að gera í héraðinu."

Hann gerði sem Halli bað. Þetta bragð var til þess gert að frændur Bárðar sætu í friði fyrir hans sakar. Bárður var einn vetur utan og kom þá út til bús síns.

## 19. kafli

Halli hafði varðveitt bú Bárðar meðan hann var utan og hafði látið höggva í skógi timbur í Miðárdal er Bárður átti. Hann hafði og út mikla við. Hann var stundum að búi sínu, stundum með föður sínum. Bárður segir að hann vill sækja timbur sitt.

Halli svarar: "Það vildi eg að þú færir eigi sjálfur og mun þeim eigi gott að trúa feðgum."

Bárður segir að menn mundu ekki verða varir við ferð þeirra. Hann fór og húskarl með honum að sækja timbrið og höfðu fjölda hrossa. En Una kona hans hafði farið í Víðines til Oddkötlu systur sinnar og kom Bárður þar og bauð Hlenni honum að fá mann annan í skóginn en hann biði þar, þótti það meiri varúð. Hann kvað þess eigi þurfa.

Þær systur leiða hann úr garði. En er þær hurfu aftur leit Una aftur um öxl eftir honum og féll í óvit. En er hún vitkaðist spurði systir hennar hvað hún hafði séð.

"Eg sá dauða menn ganga á mót honum Bárði og mun hann feigur vera og munum við eigi sjást síðan."

Nú fara þeir Bárður og leggur þoku yfir er þeir koma í skóginn og binda þeir drögur og hefta hross.

Um morguninn snemma var smalamaður á fótum að Þverá.

Það var oft að Vigfús hitti smalamann og spurði tíðinda og svo var þenna morgun og mælti:  
"Undarlegt er það að þú finnur jafnan fé í slíku myrkri. Aldrei mundi eg fé finna í slíkum myrkva."

Hann svarar: "Lítið varð mér fyrir að hitta féið. Meira varð þeim fyrir að finna hrossin í morgun er eg sá í skóginum og stóðu nær hjá þeim sjálfum og létu þeir þó vænt yfir sér og var annar í grænum kyrtili og hafði skjöld á hlið."

Vigfús spyr ef hann kenndi manninn.

Hann kveðst ætla að Bárður væri "því að hann á skóginn er þeir voru í."

Vigfús mælti: "Sæk þú hesta mína þrjá."

Austmenn voru þar tveir á vist. Þá bað Vigfús ríða með sér og kveðst mundu ríða til laugar. Hann stefnir suður úr garði um Laugardal.

Þá mæltu Austmenn: "Hvert viltu nú ríða?"

Hann svarar: "Ríða að erindum mínum fyrst" og reið sýnu fyrr en þeir og fóru fyrir ofan bæi suður þar til er þeir sáu Bárð fara úr skóginum með dragnahrossin.

Húskarl Bárðar sá eftirreiðina og mælti: "Hart ríða þessir eftir," segir hann.

"Hver tíðindi eru það?" segir Bárður.

Hann svarar: "Þar er Vigfús og vildi eg að við riðum undan og er nú svívirðingarlaust meðan við vitum eigi hvað þeir vilja."

Bárður segir: "Eigi mun Vigfús ráða á mig við þriðja mann ef þú ert eigi með mér."

Hann svarar: "Fúsari em eg að fara með hestana en þú riðir í Víðines. Er það eigi ámælisvert er þú riður þangað er þú átt erindi enda veistu eigi víst þeirra erindi er eftir ríða en Hlenni mælti að þú skyldir eigi trúá þeim."

Bárður segir: "Þú skalt ríða fyrir og gera menn vara við ef för mín verður seinni en líkindi séu á því að ekki mun skjótt um skipta með okkur Vigfúsi ef við skulum tveir á sjást en hann er betri drengur en hann muni með þriðja mann að mér ganga. En ef við erum tveir en þeir þrír þá munu þeir njóta liðsmunar."

Nú gerði hann sem Bárður mælti en Bárður leysti skjöld sinn og bjóst við sem honum þótti vænst. Og er þeir fundust þá spyr Bárður hvert erindi þeirra væri. Vigfús sagði að þeir mundu eigi báðir af þeim fundi fara lífs.

En Bárður kveðst búinn þess ef þeir skyldu tveir við leikast "en það er engi vaskleikur að þrír gangi að einum."

Þá mæltu Austmenn að þeir mundu heima hafa setið ef þeir vissu erindið en létust þó ekki lið veita mega ef menn kæmu til fulltings við Bárð er förunautur hans hleypti í brott. Vigfús bað þá sjá fyrst hversu færi. Síðan börðust þeir langa hríð og varð hvorgi sár en Vigfúsi horfði því óvænna að hann varð að hopa í hverju sinni áður hann næði höggfæri. Bárður hafði sverð og varði sig ágæta vel og varð ekki sár. Austmönnum sýnist ófarnaður mikill ef Vigfús er að jörðu lagður en þeir standi hjá en menn komi til fulltings við Bárð. Þá hlaupa þeir að Bárði og drepa hann og var hann örendur er þeir Hlenni komu.

En þeir Vigfús riðu heim og lét Glúmur illa yfir verkinu og kveður mikinn vanda hafa aukist í héraðinu. Halli fer á fund fóstora síns Einaris í Saurbæ og biður hann taka við málinu. Hann lést þess skyldur að mæla eftir frænda sinn og fóstbróður sinn, ríða síðan á fund Þórarins og biðja hann liðveislu. Þórarinn segir að hann veit eigi vonir þess manns að hann vilji heldur við eiga og bundu sitt vinfengi með særum, þetta mál og hvert annað.

Fóru mál til þings og var leitað um sættir. En þar var svo þungt fyrir að engi voru völ á því, því að í móti voru lögvitrir menn og hugdjarfir, Möðruvellingar og Esphælingar. Lauk þessu máli svo að Austmenn urðu sekir og var gefið fé til farningar Vigfúsi og skyldi þrjú sumur leita við utanför og hafa þrjú heimili á hverjum misserum og var hann þá fjörbaugsmaður. En hann mátti eigi heima vera fyrir helgi staðarins og var hann að Uppsölum löngum og ætluðu að hann mundi vera í öðrum fjórðungum landsins og vildi hann eigi utan fara á því méli. Varð hann þá alsekur og hélt Glúmur hann á laun.

En því skyldu eigi sekir menn þar vera að Freyr leyfði eigi er hof það átti er þar var. Fór því fram sex vetur.

## 20. kafli

Nú er þar til máls að taka er þeir vaxa upp fóstbræður Arngrímur og Steinólfur. En þá er Þorgrímur andaðist í Möðrufelli fór Arngrímur til bús síns og Steinólfur með honum og var þá svo ástúðigt með þeim sem þá er best hafði verið. Arngrímur kvongaðist og átti Þórdísi Bjarnadóttur systur Arnórs kerlingarnefs. Steinólfur var í kaupförum en var með Arngrími er hann var út hér.

Það var eitt sumar er hann kom út í Eyjafirði að Arngrímur bauð honum eigi til sín og mælti ekki við hann þótt þeir sæjust og fann það til saka að hann hefði fleira talað við Þórdísi konu hans en skaplegt væri. En það er flestra manna sögn að lítið væri til haft eða ekki. Þá bauð Glúmur honum til sín og var svo þá nokkur misseri að hann var með honum að hann var út hér og var ástúðigt í frændsemi þeirra. Steinólfur var atgervimaður mikill.

Eitt sumar bauð Glúmur honum eigi til sín og kvaðst vilja að hann væri að Uppsölum með föður sínum "en því býð eg þér eigi að mér þykja eigi góðar húsgöngur. En ef þú ert með föður þínum þá muntu hingað ganga til Þverár og verð eg þá feginn er við finnumst."

Nú fer því fram nokkura vetur að Vigfús var að Uppsölum með Arnóri rauðkinn þá er hann í sekt var enda var Steinólfur þar.

Eitt haust gifti dóttur sína búandi í Öxnafeili og bauð til öllum búöndum þeim er mestháttar voru í Eyjafirði. Steinólfi var og boðið. Hann kom til Þverár og vildi fara með Glúmi. Hann lést eigi mundu fara.

Steinólfur mælti: "Það þykir mér að er þú ert lausmáll."

Glúmur svarar: "Minna mein mun að lausmælgí minni en að óvarleik þínum og kem eg þar eigi. Mikið ráð," segir Glúmur, "einum búanda að kalla til sín svo marga stóreflismenn og fylgi því engi slægð. Er mér á grunur hvað undir býr þessu boði. Eigi tekur búandi þetta af sjálfum sér og betur þykir mér að mínir vinir fari eigi."

Fór Steinólfur til boðsins og þeir er boðið var utan Glúmur. Þeim var tíðrætt Einari Eyjólfssyni og Þorvaldi og Arngrími.

Þann dag er menn skyldu á brott ríða þá talaði Einar langt erindi um héraðsstjórn og kvað hæfa jafnan að fjölmenni kæmi saman að nokkuð væri það mælt er þá væri mest nauðsyn til og þá væri betur "en hefir lengi ófriður á legið með ofurkappsmönnum. En mín orð koma þar til er þeir frændur eru Arngrímur og Steinólfur. Fæð hefir verið á með þeim en vér hyggjum að lygi hafi verið og óvina mál. Nú vill Arngrímur bjóða Steinólfi til sín og gera för hans sæmilega ef hann vill þiggja og leggið niður óvingan."

Steinólfur kveðst það vilja gjarna, lést enga sök vita sér á hendur, kveðst Arngrími mest manna unna. Síðan fór hver til síns heimilis en Steinólfur fór með Arngrími og var hann þar nokkurar nætur við mikla sæmd.

## 21. kafli

Einn dag spurði Arngrímur Steinólf ef hann vildi fara með honum á Grund ofan til skytnings og vera þar nætur tvær eða þrjár.

Hann svarar: "Eg mun heima vera meðan en fara í annað sinn er þú ert heima."

Arngrímur lést vilja að hann biði hans heima ef hann vill eigi með honum fara. Nú fór Arngrímur á Grund en Steinólfur var eftir í Möðrufelli um nótt.

En um morguninn sat Steinólfur við eld og hafði smíð nokkura fyrir hendi. Var það buður nokkur er húsfreyja átti. Í það mund kom Arngrímur heim og Þorvaldur krókur með honum. Og er þeir komu í eldahúsið laut Steinólfur niður. Þá höggur Arngrímur til hans í höfuðið svo að hann fékk bana þegar.

Þá gekk húsfrúin hjá honum og mælti: "Högg þú manna armastur. Þetta eru ráð þér vitrari manna en frá þessum degi skal eg aldrei þín kona vera."

Fer hún nú til Arnórs kerlingarnefs og kom aldrei í sama sæng Arngrími og mælti áður hún reið á brott: "Það mun til bóta að þú munt Arngrímur fá lífdaga eiga því að þeir munu verri er síðar koma yfir þig."

Og átti hana síðan Ásgrímur Elliða-Grímsson.

Þeir Arngrímur riðu til Espihóls og sögðu Þórarni þessi tíðindi og báðu hann ásjá og létust hvorki til hafa vitsmuni né vinsæld að sitja fyrir Glúmi. En Þórarinn var bæði vitur og vinsæll. Hann svarar, kvaðst verkið lítast illt og lést ugga að illt mundi af standa. Þorvaldur lét ekki tjóa að sakast um verkið og lést hyggja að brátt mundi hann eiga um meiri vandræði að fæta ef hann veitti þeim enga ásjá, létu vera mega að fengjust fulltingsmenn ef hann legði sín orð til.

Þórarinn svarar: "Það er mitt ráð að þið flytjið hingað búin bæði, af Grund og Möðrufelli, og söfnum að oss mönnum sem tíðast og komum saman búum vorum áður Glúmur verði var við."

Þeir gera svo áður Glúmur spyrji þetta. Og er hann fregnar safnar hann liði, fara að þeim þegar en engi urðu föng á því að Esphælingar urðu fjölmennri og sátu um veturinn um kyrrt. En Glúmur varð aldrei á þeim vetri unninn. Hann var svo var um sig að hann hittist aldrei í þeirri rekkju sem honum var búin. Oft svaf hann lítið um nætur og gengu þeir Már og ræddu um málaferli. Eina nótt spurði Már hversu hann hefði sofið.

Glúmur kvað vísu:

Eigi sofna eg, Ófnir  
ýseims, í bæ þeima,  
munat eldviðum öldu  
auðbætt við mig, sætan.  
Áðr grindlogi Göndlar  
gellr í hattar fellu,  
oft vó eg mann of minna,  
meir nokkurum þeira.

"Nú skal segja þér draum minn. Eg hugðist ganga hér úr garði einn saman og slyppur en mér þótti Þórarinn ganga að móti mér og hafa harðstein mikinn í hendi og þóttist eg vanbúinn við fundi okkrum. Og er eg hugði að sá eg annan harðstein hjá mér og réðist eg í mót. Og er við fundumst þá vildi hvor ljósta annan en steinarnir komu saman og varð af brestur hár."

Már spyr: "Hvort þótti þér heita mega híbýlabrestur?"

Glúmur svarar: "Meiri var en svo."

"Þótti þér heita mega héraðsbrestur?"

Glúmur svarar: "Vel er því til jafnað því að eg þóttist vita að heyrði um allt héraðið. Og er eg vaknaði kvað eg vísu:"

Harðsteini lét húna  
harðgerðr lima fjarðar,  
það sá, dóms, í draumi,  
dyn-Njörðr mig barðan.  
En eg þrádráttar þóttist,  
þjósti keyrðr, of ljósta  
sævar Hrafns í svefni  
snarbeinanda, steini.

Már kvað það líklegt að sannast mundi fornkveðið mál "að hvor ykkar mun ljósta annan illum steini áður létti."

Glúmur svarar: "Eigi er óvænt að slíkt sé. Ber nú mart fyrir. Er enn annar draumur að segja þér. Eg þóttist úti staddur og sá eg konur tvær. Þær höfðu trog í milli sín og námu þær staðar á Hrístateigi og jósu blóði um héraðið allt. Og vaknaði eg síðan og hygg eg fyrir tíðindum vera" og kvað vísu:

Menstiklir sá mikla,  
mun sverðabrák verða,  
komin er grára geira,  
goðreið af tröð, kveðja.  
Þar er ásynjur jósu  
eggmóts of fjör seggja,  
vinir fagna því vagna,  
vígmóðar fram blóði.

Þann morgun fór Már í Möðrufell með átjándanum að stefna Arngrími um vígið en Glúmur var heima við séttanum og það þá skjótt heim koma. Jöður var heima hjá Glúmi og Eyjólfur sonur Þorleifs hins háva, Þorvaldur tasaldi systursonur Glúms og þrælur tveir.

## 22. kafli

Helga systir Glúms er átt hafði Steingrímur í Sigluvík var þá komin á Laugaland. Hún var móðir Þorvalds tasalda og var hann þá átján vetra.

Þorvarður hét maður Örnólfsson og sonur Yngvildar er kölluð var allrasystir. Hann bjó í Kristnesi. Guðbrandur hét sonur hans, tólf vetra gamall. Þorvarður var vitur maður og var þá gamall, meðallagi góðgjarn. Hann var snemma á fótum þann morgun og það sveininn taka hesta og ríða síðan til Þverár.

Og er þeir komu þar var Már nýfarinn á brott. Glúmur fagnar vel Þorvarði. Hann spyr hvort nokkuð væri leitað um sátir milli manna. Glúmur kvað ekki það vera.

Þorvarður segir: "Er til búið málið?"

Glúmur kvað það eigi vera.

"Slíkur dagur væri vel til fallinn. Þoka er mikil og mun eigi verða vart við ef menn fara hljóðlega."

Síðan segir Glúmur hvar þá var komið og segir að sex menn einir voru heima.

Þorvarður svarar: "Heldur ertu fámennur en þetta ráð mun þó duga er þú hefir haft."

Nú ríður Þorvarður til Espihóls og voru menn eigi upp risnir er þeir komu þar.

Hann hittir Þórarinn og spyr: "Hverja meðferð ætlið þér að hafa? Skuluð þér nokkura sætt bjóða Glúmi um vígsmálið?"

Þórarinn svarar: "Vant ætlum vér það að bjóða Glúmi sætt."

Þorvarður segir: "Hvort er til búið vígsmálið?"

Þórarinn segir: "Ekki hefi eg til spurt eða hvað veistu af?"

Hann segir: "Már fór í morgun með átjándanum í málatilbúnað en Glúmur sat við séttanum heima og væru nú fullgóð föng á að rétta hlut sinn. Og því tekst yður lítt að þér gerið eigi slík hvatræði sem Glúmur."

Þórarinn svarar: "Ekki nenni eg að búa tyllisakir hér í móti."

Þorvarður segir: "Á það er að líta hvort nokkur var sökin eða engi áður Steinólfur var drepinn. Hefir hann eigi fíflt konu hans? Víst ætla eg að slík mál þyki eigi engis verð."

Þórarinn svarar: "Illt þykir mér með slíku máli að fara."

Hann segir: "Hvað er slíkt að tala? Kom Glúmi fyrir nokkuð er hann óhelgaði Sigmund mág yðvarn og er nú og einsætt að láta eigi svo auvirðast."

Þórarinn segir: "Eigi mundi eg vita nema það væri ráð."

Síðan stóðu menn upp og eggjar Þorvaldur krókur að ríða til Uppsala og stefna Steinólfi til óhelgi.

Þórarinn svarar: "Eigi er það ráðlegt en það munum vér þó gera."

Þeir urðu saman fimmtán. Sjö eru nefndir, Þórarinn og Þorvaldur krókur, Ketill sonur hans, Arngrímur og Eysteinn berserkur og Þórður Hrafnsson er bjó að Stokkahlöðu og átti Vigdís Þórisdóttur er Sigmundur hafði átt fyrir, Eyvindur austmaður. Hann var vistum með Þórði.

Nú fóru þeir til Uppsala en Þorvarður fór á Öngulsstaði, þar bjó góður búandi, Halli hinn digri, en sendi son sinn til Þverár og bað segja Glúmi fyrirætlun þeirra Esphælinga "en ríð til móts við mig síðan hvatlega."

En er Þorvarður kom á Öngulsstaði þá spurði Halli hvað hann segði tíðinda.

"Ekki enna," sagði hann.

Síðan sagði hann Halla hvar þá var komið.

En Halli þóttist sjá að líkindum að hann mundi þessu öllu á leið hafa komið, sagði að slíkir menn væru til mikils ófarnaðar að hann vildi að allir ættu illt saman "og væri það maklegt að þú værir drepinn."

Halli fór skyndilega með alla sína menn þá er hann fékk, karla og konur, og vildi ganga milli manna ef þyrfti.

Guðbrandur kom til Þverár og sagði að faðir hans hafði hann þangað sent, sagði honum tíðindin "og lést hann vera þess skyldur að segja þér það er þig varðar að Esphælingar ætla að stefna Steinólfi til óhelgi."

Glúmur segir: "Hví kom faðir þinn eigi sjálfur?"

Hann svarar: "Eg kalla allt eitt hvor okkar sem fór."

Glúmur segir: "Vel hefir faðir þinn gert er hann sendi þig hingað ef vér þyrftum manna við."

Hann tók sveininn af baki og fjötraði hest hans.

Þá mælti Guðbrandur: "Það mælti faðir minn að eg skyldi skynda heim."

Glúmur svarar: "Ekki er það. Heldur vill faðir þinn að þú sýnir vaskleik þinn í dag."

Nú tekur Þorvarður til orða: "Seinn er Guðbrandur sonur minn."

Halli segir: "Hvert fór hann?"

Þorvarður svarar: "Eg sendi hann til Þverár."

Halli segir: "Það er vel að þú hittir fyrir nokkura brögðóttu og er þetta hæfilegt."

Esphælingar riðu yfir ána, sá Glúmur för þeirra, og ætluðu yfir að Knarrarvaði. Þá mælti Glúmur að Már væri heldur til seinn. Síðan rann Glúmur úr garði eftir þeim og þeir með honum sem til voru, sex karlar með Guðbrandi. Glúmur hafði skjöld sinn og höggspjót, gyrður sverði, rennur á leiðina fyrir þá og menn hans eftir honum.

Og er Þórarinn sá ferð hans biður hann að þeir ríði leið sína og hvorki skjótara né seinna "og má oss eigi um það hallmæla."

Þórður Hrafnsson spurði Þórarin hvort þeir skyldu eltast láta með tuttuganda mann undan Glúmi "þótt hann sé með sétta mann."

Þórarinn svarar: "Ríðum því að Glúmur vill dvelja oss og bíða svo sinna manna."

Þórður segir: "Því er eigi kynlegt að vér berum oft lágan hlut fyrir Glúmi þá er hann stendur jafnt að vígi sem þér þar sem þér þorið nú eigi að bíða hans er hann hefir fá menn enda skal hann eigi mig elta" og steig af baki.

Eysteinn berserkur segir að hann vill eigi undan ríða "og kalli þeir að þeir elti oss."

Þórarinn segir: "Það sýnist mér óráðlegt."

En er Glúmur sá að þeir fóru eigi þá fór hann seinna og kastaði orðum á Þórarin og spurði hvert erindi þeirra væri til Uppsala. Þórarinn segir að þeir höfðu stefnt Steinólfi til óhelgi.

Þá mælti Glúmur: "Er eigi því mjög til kapps haldið? Skulu eigi boð koma fyrir og mættum vér ræða um nokkuð að málið gengist?"

Þórarinn sá að Glúmur vildi dvelja þá og bað menn ríða og þeir gerðu svo.

Glúmur spurði: "Við hokið þér."

En þeir fóru undan og því seinna sem þeir fóru því seinna fór Glúmur og beið manna sinna og mælti: "Eigi mun vinsælt verða málið ef þér hafið lognar sakir uppi og verður þá svívirðing í."

"Ekki mun nú farið að því. Erfitt verður við þig að eiga."

Glúmur komst hjá þeim fram og talar svo við þá en þeir riðu og dvaldi svo. En er hann sá að ekki mátti dvelja þá en veit von sinna manna þá skaut hann spjóti til Arngríms og kom í gegnum báða söðulbogana og lærið og var Arngrímur illa vígur um daginn. Síðan hljóp Eysteinn fyrstur manna að Glúmi en Þorvaldur tasaldi í mót honum og lékust þeir tveir við og þóttust þeir best hafa er firrst voru þeirra samgangi og var hvortveggi þeirra fullhugi og rammur að afli. Veitti stór högg og mörg hvor þeirra öðrum. Þorvaldur krókur sótti fast að Glúmi og margir með honum en Glúmur hopaði undan og þeir menn er honum fylgdu og hlífðu sér. En Þórarinn steig eigi af baki og þótti honum þó ærið margir um einn.



## 23. kafli

Sá maður kom að hlaupandi þar er þeir börðust er var í skinnkufli og hafði sverð í hendi. Hann kom að þar er Þorvaldur tasaldi féll fyrir Eysteini og þegar hleypur hann að Eysteini og höggur hann banahögg.

Síðan fór hann í lið með Glúmi og þá mælti Glúmur þetta: "Kom heill þú Þundarbenda. Gott kaup var það er eg keypti þig. Þú munt nú vel gjalda verð þitt í dag."

Glúmur átti þræl þann er svo hét, því mælti hann þetta en þar var þó raunar Vigfús sonur hans og kenndu hann fáir eða engir nema Glúmur því að hann hafði þá þrjá vetur verið í sekt og í leyndum og ætluðu flestir að hann væri utan farinn.

Svo bar að er Glúmur hopaði að hann lá fallinn en þrælar hans báðir lögðust á hann ofan og voru þar stangaðir spjótum til bana. En þá kom Már að í því með sína menn. Þá fór Þórarinn af baki og börðust þeir Már svo að öngvir áttu hlut í með þeim. En Glúmur spratt upp og barðist þá frýjulaust og var þá liðsmunur engi.

Eiríkur hét húskarl Þórarins. Hann var að verki sínu um morguninn. Hann hafði enga hlíf né vopn. Hann fær sér trélurk í hönd og fór til fulltings við Þórarin og varð Glúmi hið mesta ólið að honum því að menn og hlífar meiddust fyrir tré því er hann hafði að vege með.

Þess er getið að Halldóra kona Glúms kvaddi konur með sér "og skulum vér binda sár þeirra manna er lífvænir eru úr hvorra liði sem eru."

En er hún kom að þá féll Þórarinn fyrir Mávi og var öxlin höggvin frá svo að lungun féllu út í sárið. En Halldóra batt um sár hans og sat yfir honum til þess er lokið var bardaganum.

Halli hinn digri kom fyrstur til meðalgöngu og mart manna með honum. Og lauk svo bardaga að fimm menn voru fallnir af Esphælingum, Þorvaldur krókur og Arngrímur, Eysteinn og Eiríkur og Eyvindur austmaður. En af Glúmi var fallinn Þorvaldur tasaldi og Eyjólfur Þorleifsson og Jöður og þrælar tveir.

Þórarinn fór heim með förunautum sínum. Glúmur fór og heim með sína menn og lét færa hina dauðu í úthýsi eitt og var búið um Þorvald virðulegast því að klæði voru borin undir hann og var hann rifaður í húð.

En er menn voru heim komnir þá mælti Glúmur við Halldóru: "För vor mundi hafa orðið góð í dag ef þú hefðir heima verið og hefði Þórarinn eigi lífs brott komist."

Hún segir að Þórarni væri lítil von lífs "en þó muntu eiga skamma stund héraðvært þótt hann lifi en ef hann deyr muntu eiga aldrei landvært."

Síðan mælti Glúmur við Guðbrand: "Þú hefir mikillar frægðar aflað þér í dag er þú lagðir að jörðu Þorvald krók og mikið lið veittir þú oss í dag."

Hann svarar og kvað ekki á þá leið verið hafa enda varið hendur sínar.

Glúmur segir: "Sá eg glögg tít var, barn að aldri en vegið slíka hetju sem Þorvaldur var og muntu verða frægur af þessu verki. Af því fékk eg sóma utanlendis er eg vó berserkinn."

Hann svarar: "Ekki hefi eg Þorvald vegið."

Glúmur segir: "Eigi er að dylja þessa vinur, þú veittir honum banasárið. Firrst þú eigi gæfu þína."

Til þess þrætti hann við Guðbrand að hann trúði og gekk við og þótti virðing að. Hann mátti og eigi dylja að eigi væri þetta fyrir satt haft og þá var honum á hendur lýst víginu. Og þótti þá minni slægja í en þeir ætluðu er kjöru Þorvald til eftirmáls.

Það segja menn að Glúmur mælti: "Það þykir mér illa er Már lætur binda um þó að hnekkistikill sé ger í höfði honum."

Það kallaði hann svo er í kross var sprungið.

Már svarar: "Eg mundi þess minnur þurfa ef eg legðist niður og hefði eg þræla mína að skildi."

Þá mælti Glúmur: "Harðslægur var Hrístateigur nú í dag sveinar," segir hann.

Már segir: "Fyrir það mun þér ganga sem harðslægur hafi verið því að nú muntu Þverárland hafa slegið úr hendi þér."

Glúmur svarar: "Það ætla eg að þú vitir það ógjörla."

Már segir: "Vera má að eg viti eigi. Fyrir það mun þér ganga sem eg viti."

En er Helga spurði tíðindin, systir Glúms, þá fór hún til Þverár og spurði hversu sonur hennar hefði fram gengið.

Glúmur svarar: "Eigi fékk hraustara mann."

Þá mælti hún: "Sjá vildi eg hann dauðan ef eigi eru önnur föng á."

Það var henni veitt og lét hún hefja hann í vagn og búa hóglega um. Og er hún kom heim fægði hún sár hans og batt síðan og kom svo ráði hans að hann mælti við menn.

Það voru lög þar að menn féllu jafnmargir að það skyldi kalla jafnvegið þótt mannamunur þætti vera. En þeir er ávíga urðu skyldu kjósa mann til eftir hvern mæla skyldi. En þótt nokkuð kynni það í málum að gerast síðar er betra þætti að hafa annan veg kosið þá skyldi eigi skipta kjörinu. En er Þórarinn spurði að Þorvaldur tasaldi var lífs þá kaus hann Þorvald krók bróður sinn til eftirmáls. En litlu síðar spurði hann það að Guðbrandi var eignað það vígið og vildi hann þá heldur hafa annan til kosið en þó varð nú þessu fram að halda sem fyrr var kosið.

Þeir hitta nú Einar Eyjólfsson. Lætur Þórarinn að nú muni hann taka til þeirra mála er þeir höfðu með sér talað.

Hann segir: "Slíkt er mér þar í hug sem fyrr að Bárður var veginn."

Tók nú Einar málið til meðferðar á þingi um sumarið og sótti Glúm. Þórarinn lá í sárum allt sumarið og svo Þorvaldur tasaldi og urðu báðir græddir. Glúmur hafði mikinn liðsafla á þinginu og svo hvorirtveggju. Var nú leitað um sættir af göfgum frændum hvorratveggju og varð það að sættum að bæta skyldi víg Steinólfs svo að fram væri færð sýkna Vigfúss Glúmssonar. En Guðbrandur var sekur um víg Þorvalds og kom Glúmur honum utan. Og fóru við svo búið heim og undu þeir Þorvarður og Þórarinn illa við og þóttist Þórarinn enga sæmd hafa fyrir víg Þorvalds bróður síns. Sat nú Glúmur í virðingu.

Um veturinn eftir kom upp vísa er Glúmur hafði þá nýort:

Virkis spyr að verkum  
víns hirði-Sif mínum.  
Erat að manna máli  
morð, voru þau forðum.  
Liggr þeim er hrafn of huggar,  
hörveig, talið gjörva.

## 24. kafli

Einn dag er menn voru að Hrafnagilslaugu kom þar Þorvarður. Hann var gleðimaður mikill og henti að mörgu gaman.

Hann mælti: "Hvað er komið þeirra manna er skemmta kunni nýjum fræðum?"

Þeir segja: "Þar er skemmtun öll og gaman er þú ert."

Hann segir: "Ekki þykir mér nú meira gaman en kveða vísur Glúms en þar hygg eg að hvað honum þykir vantalið í einni vísu að hann mundi skorta á um vígin. Hvað skulum vér ætla hvert það muni vera eða hvort er líkara að Guðbrandur muni vegið hafa Þorvald eða Glúmur?"

Þetta þykir mörgum áráðilegt.

Hann reið nú á fund Þórarins og mælti: "Hugleitt hefi eg nokkuð og sýnist mér sem eigi muni hið sanna uppi um víg Þorvalds króks því að hittast mun í kveðskap Glúms að nokkuð þykir honum vantalið vera um vígin."

Þórarinn svarar: "Varla kann eg nú upp að taka málið öðru sinni þótt þetta væri satt. Mun nú vera kyrrt."

"Það er óráðlegt og þó mætti kyrrt vera ef eigi hefði um verið grafið en nú mun eg bera upp fyrir menn og munuð þér svívirðing af fá svo að engi mun önnur meiri orðið hafa."

Þórarinn svarar: "Óhóglegt líst mér málið að flytja til alþingis við frændaafla Glúms."

Þorvarður segir: "Þar kann eg ráð til leggja. Stefn honum til Hegranessþings. Þar áttu frændaafla og mun þar torsótt að verja málið."

Þórarinn svarar: "Það ráð mun haft verða."

Skiljast að því.

Nú vorar illa og verður torsótt allt að fá. Um vorið bjó Þórarinn mál á hönd Glúmi til Hegranessþings því að allir samþingisgoðar þeir er því þingi áttu að halda voru bundnir í nauðleytum við Þórarin. En hestum mátti trautt koma yfir heiðar fyrir snjó. Glúmur tók það til ráðs að hann fékk byrðing einn mikinn í hönd Þorsteini bróður sínum og skal hann halda vestur fyrir og koma til þings með herklæði og vistir. En er þeir koma fyrir Úlfsdali þá brutu þeir skipið í spón og týndist þar allt saman, menn og fjárhlutur. Glúmur gekk til þings með hundrað manna og náði eigi nær að tjalda en í fjörbaugsgarði. Þar var kominn Einar Eyjólfsson með þeim Esphælingum. Voru Glúmi send orð að hann skyldi til fara og færa fram lögvörn fyrir sig. Nú gengur Glúmur en eigi var meira rúm gefið en einn maður mátti ganga en þar var fylkt liði tveim megin hjá en Glúmi var boðið að ganga í kvíarnar ef hann vildi til

dómsins.

En það sýndist honum óráðlegt og mælti til sinna manna: "Auðsætt er nú það að þeir þykjast í hendi hafa vort ráð. Má og vera að svo sé. Nú vil eg þó að þér snúið eigi aftur. Mun eg ganga fyrstur en þá tveir næst mér jafnfram en þeim fjórir jafnfram og skulum vér renna að og hafa spjótin fyrir oss og mun klambrarveggurinn ganga ef fast er fylgt."

Þeir gerðu svo og runnu að í einu skeiði í dómhringinn og var lengi nætur áður þeim varð bægt frá í brott og gerðist þar svo mikil þröng og föst og varð það um síðir að dómurinn var settur í annað sinn. Og er þeir tóku að reifa málið þá gengur Glúmur í þingbrekku og nefnir votta að sól væri þá komin á þingvöll. Síðan varði hann mönnum í dóm lýriti að dæma um sakarnar og varð þar niður að falla hvert mál sem þá var komið. Ríða menn í brott og undu Esphælingar stórilla við. Kallar Þórarinn hann hraklegt gert hafa fyrir þeim.

Einar segir: "Eigi líst mér svo stórljótt sem þér því að þar er til máls að taka sem frá var horfið."

Síðan ríða þeir til alþingis Esphælingar með Einari og margir vinir þeirra er þeim höfðu heitið liðveislu í móti Glúmi. Frændur Glúms veita honum að málum til réttara laga og er það af gert með vitra manna ráði ef Glúmur vill vinna eið fyrir málið að eigi vægi hann Þorvald krók. Og er margir áttu hlut í þá sættust þeir að því að Glúmur skyldi vinna eið að hann hefði eigi vegið Þorvald krók og var á kveðið nær eiðurinn skyldi unninn vera, um haustið að fimm vikum. Og er nú svo ríkt fylgt málinu að þeir skuli fram hafa málið eða hann vinni eiða í þremur hofum í Eyjafirði og eiðfall ef þá kemur eigi fram. Margrætt var um þetta mál hversu eiðar Glúms mundu vera eða fram fara.

## 25. kafli

Nú ríða menn heim af þingi og er Glúmur heima um sumarið og er kyrrt allt í héraðinu. Líður til leiðar og ríða menn til leiðar en af leið hvarf Glúmur svo að ekki spurðist til hans. Már sat heima í búinu. En um haustið að fimm vikum þá bauð Már mönnum og var þar stofnað brullaup og komu þar eigi færri menn til boðs en hundrað. Öllum þótti kynlegt boð þetta því að þeir voru lítils verðir er í hlut áttu.

Þar sáu menn þann aftan að úr dölum öllum Eyjafjarðar riðu tveir menn saman eða fimm og safnaðist saman liðið er ofan kom í héraðið og var þar kominn Glúmur og Ásgrímur og Gissur með þrjú hundruð manna og komu heim um nóttina og sátu þar að boði.

En um morguninn eftir sendi Glúmur eftir Þórnari og bað hann koma í Djúpadal eigi síðar en að miðjum morgni að heyra eiðana. Þórarinn veikst við og fékk hundrað manna. En er þeir komu til hofsins þá gengu sex menn í hofið, með Glúmi Gissur og Ásgrímur en með Þórnari Einar og Hlenni hinn gamli. Sá maður er hofseið skyldi vinna tók silfurbaug í hönd sér þann er roðinn var í nauksblóði þess er til blóta væri haft og skyldi eigi minna standa en þrjá aura.

Þá kvað Glúmur svo að orði: "Að eg nefni Ásgrím í vætti, annan Gissur í það vætti að eg vinn hofseið að baugi og segi eg það Æsi að eg vark at þar og vák at þar og rauðk at þar odd og egg er Þorvaldur krókur fékk bana. Líti nú á eið þeir er spekimenn eru og við eru staddir."

Þeir Þórarinn urðu eigi búnir að lasta en kváðust eigi fyrri þann veg heyrta hafa að orði kveðið. Með slíku móti voru eiðar unnir í Gnúpafelli og svo að Þverá. Þeir Gissur og Ásgrímur voru nokkurar nætur að Þverá og að skilnaði gaf Glúmur Gissuri feldinn blá en Ásgrími spjótið gullrekna og skildust vinir.

Um veturinn hittust þeir Þorvarður og Þórarinn og spurði Þorvarður: "Vann Glúmur vel eiðinn?"

Þórarinn svarar: "Ekki fundum vér að."

Hann segir: "Undarlega verður slíkt um vitra menn er svo missýnist. Það hefi eg vitað að menn hafa lýst vígum á hendur sér en hitt hefi eg eigi vitað eða heyrt að menn hafi svarið um það sjálfir að þeir hafi vegið menn sem Glúmur hefir gert. Eða hversu mátti hann meir að kveða en segja að hann vægi þar að og væri þar að og ryði þar að odd og egg er Þorvaldur krókur féll á Hrístateigi þótt hann leiddi eigi svo sem tíðast er og mun sjá sneypa jafnan uppi síðan."

Þórarinn svarar: "Ekki hefi eg fundið þetta enda mæðist eg á að eiga við Glúm."

Hann segir: "Ef þú þykist mæðast sakir vanheilsu þá láttu Einar taka enn málið. Hann er vitur og kynstór. Munu honum margir fylgja. Eigi situr Guðmundur hjá bróðir hans og er sá hluturinn að hann er gjarnastur til ef hann kemst að Þverá."

Eftir þetta hittast þeir Einar og bera ráð sín saman og mælti Þórarinn: "Ef þú vilt fyrir málinu vera munu margir þér veita. Munum vér það og til vinna að kaupa þér landið eigi meira verði en Glúmur keypti að Þorkatli háva."

Einar svarar: "Glúmur hefir nú lógað þeim hlutum, feldi og spjóti, er Vigfús móðurfaðir hans gaf honum og bað hann eiga ef hann vildi halda virðingu sinni en kvað þaðan frá þverra mundu. Nú mun eg taka við málinu og fylgja."

## 26. kafli

Nú býr Einar til vígsmálið af nýju til alþingis og fjölmenna hvorirtveggju. En áður Glúmur riði heiman dreymdi hann að margir menn væru komnir þar til Þverár að hitta Frey og þóttist hann sjá mart manna á eyrunum við ána en Freyr sat á stóli. Hann þóttist spyrja hverjir þar væru komnir.

Þeir segja: "Þetta eru frændur þínir framliðnir og biðjum vér nú Frey að þú sért eigi á brott færður af Þverárlandi og tjóar ekki og svarar Freyr stutt og reiðulega og minnst nú á uxagjöf Þorkels hins háva."

Hann vaknaði og lést Glúmur verr vera við Frey alla tíma síðan.

Ríða menn til þings og verða þau málalok að Glúmur gengur við víginu. En í því áttu hlut vinir hans og frændur að heldur skyldi sættast en sekt kæmi á eða utanferð. Og sættust þeir á þingi að því að Glúmur galt Þverárland hálf Katli syni Þorvalds króks í föðurbætur en seldi hálf við verði og skyldi þó búa á þau misseri og varð héraðssekur og búa eigi nær en í Hörgárdal. Fóru síðan af þingi. Síðan keypti Einar landið sem honum var heitið.

Menn Einars komu þangað um vorið að vinna landið og mælti Einar að þeir skyldu segja honum hvert orð það er Glúmur mælti.

Einn dag kom Glúmur að máli við þá og segir svo: "Auðsætt er það að Einar hefir vel sér fengið verkmennt og er vel unnið á landinu. Nú skiptir miklu að smátt og stórt sé til hent. Nú skuluð þér hér reisa við ána voðmeið og er konum hægt til þvottar að hreinsa stórföt en heimabrunnar eru vondir."

Nú koma þeir heim og spyr Einar hvað þeir Glúmur mæltust við. Þeir segja hve hugkvæmur hann var að öllu að unnið væri.

Hann segir: "Þótti yður það vera að hann vildi vel búa í hendur mér?"

Þeir segja: "Svo þykir okkur."

Einar segir: "Annar veg líst mér. Það hygg eg að við þann meið festi hann ykkur upp en ætli að reisa mér níð. Nú skuluð þér eigi fara þó."

Einar færði þangað bú sitt um vorið en Glúmur sat þar til hins efsta fardags. En er menn voru í brott búnir þá settist Glúmur í öndvegi og gerði eigi á brott ganga þótt að honum væri kallað. Hann lætur tjalda skálann og vill eigi svo skiljast við landið sem kotkarlar.

Hallbera dóttir Þórodds Hjálmssonar var móðir Guðmundar og Einars. Hún bjó þá að Hanakambi.

Hún kom til Þverár og kvaddi Glúm og mælti: "Sittu heill Glúmur en ekki er hér nú lengur að vera. Komið hefi eg nú eldi á Þverárland og geri eg þig nú á brott með allt þitt og er helgað landið Einari syni mínum."

Glúmur reis upp þá og mælti að hún skyldi gleipa kerlinga örmust. En þó reið Glúmur þá í brott og varð litið um öxl til bæjarins og kvað vísu:

Ruddi eg sem jarlar,  
orð lék á því, forðum  
með veðrstöfum Viðris  
vandar mér til landa.  
Nú hefi eg, Valþögnis, vegna,  
Várar skíðs, um síðir  
breiða jörð með börðum,  
bendir, mér úr hendi.

Glúmur bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal við Þorgrím fjúk og undi því eigi lengur en einn vetur. Þá bjó hann tvo vetur í Myrkárdal. Þá hljóp þar skriða nær bænum svo að tók sum húsin.

Þá kvað Glúmur vísu:

Munat enn sælu  
menbrjótandi hljóta.  
Oss kom breiðr í búðir  
böggur af einu höggvi.  
Þá er, fleinmarar, fjóra  
fullkátir vér sátum,  
Nú er, mágreennir, minna  
mitt setr, tigu vetra.

Þá keypti Glúmur land að Þverbrekku í Öxnadal og bjó þar meðan hann lifði og varð gamall og sjónlaus.

## 27. kafli

Narfi hét maður er bjó í Hrísey. Hann hafði átt Úlfeði dóttur Ingjalds Helgasonar hins magra. Þeirra synir voru þeir Eyjólfur og Klængur, Þorbrandur og Þorvaldur. Allir voru þeir mikilhæfir menn, frændur Glúms. Þeir Klængur og Eyjólfur bjuggu eftir föður sinn í Hrísey.

Sá maður bjó í Haga er Þorvaldur hét og var kallaður menni og átti dóttur Þórðar Hrafnssonar frá Stokkahlöðu er Helga hét.

Eitt vor kom Þorvaldur úr Haga við Hrísey á byrðingi og ætlaði að halda til fengjar. Og er Klængur varð var við réðst hann til ferðar með honum. En er þeir komu út úr firðinum fundu þeir reyði nýdauða, keyrðu í festar og sigldu með inn eftir firðinum um daginn. Vildi Klængur flytja til Hríseyjar því að það var skemmra en í Haga en Þorvaldur vildi til Haga flytja og lét það jafnrétt. Klængur segir að eigi séu það lög að flytja eigi þangað er næst eiga flutningarmenn land.

Þorvaldur kveðst hafa rétt að mæla og lét þá frændur Glúms ekki þurfa að ganga á réttan hlut við þá "og hvað sem lög eru þá munu hinir ríkari nú ráða."

Þorvaldur var fjölmennri því sinni og tóku þeir af Klængi rekaldið nauðgum en hvortveggi þeirra var landeigandi. Klængur fór heim og undi illa við. Þorvaldur og þeir hlógu að þeim Klængi og töldu að þeir treystu eigi á að halda.

Einn morgun reis Klængur snemma upp og fór við fjórða mann inn í Haga, kom þar snemma svo er menn voru í svefni.

Þá mælti Klængur: "Ráðs skulum vér nú leita. Hér eru naut hjá garði og skulum vér þau reka á húsinn þar sem Þorvaldur hvílir undir og teygjum hann svo út."

Þeir gerðu svo og vaknar Þorvaldur, hleypur út. Klængur hleypur að honum og veitti honum banasár, fór brátt síðan og treystist eigi þar að lýsa víginu því að þar var fyrir mannmart, fór heim út til eyjar og lýsti þar víginu.

Nú eiga eftirmálið Þórarinn og Þórður. Þeir kölluðu morð verið hafa. Og er þessi mál komu til þings sat Glúmur heima. En um þingið fór hann út í Fljót og í Svarfaðardal og bað liðs til féránsdóms og þó bað hann leyna þessi fyrirætlan.

Klaufi að Barði segir: "Víst viljum vér veita Glúmi lið."

Hann átti Halldóru dóttur Arnórs rauðkinns.

Og margir hétu aðrir Glúmi sínu liði. Nú fór Glúmur heim.

Mál fóru fram á þingi. En eftir þingið búast þeir til féránsdóms og höfðu fjögur skip og þrjá tigu manna á hverju og réðu þeir Einar og Þórarinn og Þórður fyrir skipunum og komu innan að eyjunni í næturelding og sáu reyk yfir húsunum og spurði Einar hvort þeim sýndist svo sem honum að reykurinn væri eigi allblár. Þeir sögðu að þeim sýndist svo.

Einar sagði: "Svo líst mér á reykinn sem fjölmennt muni vera í húsunum og mun af mönnum leggja reykinn. En ef það er þá munum vér gera raun til og róa undan eyjunni þjóðsýnilega og munum vér þá vísir verða ef fjölmenni er í eyjunni."

Og svo gerðu þeir. En er eyjarmenn sáu þetta þá hljópu þeir út og til skipanna og lögðu eftir þeim. Og var Glúmur þar kominn með tvö hundruð manna og eltu þá inn allt að Oddaeyri og varð eigi háinn féránsdómurinn og fengu þeir af óvirðing Eyfirðingar.

Situr Glúmur um sumarið í búi sínu. Hann átti og að helga haustþing en þingstöðin er fyrir austan fjörðinn skammt frá Kaupangi og fjölmenntu Eyfirðingar mjög en Glúmur hafði þrjá tigu eina manna. Margir töluðu við Glúm að hann skyldi eigi fámennur fara.

Hann segir: "Lifað mun nú hið fegursta en við það uni eg að ekki hafa þeir eltan mig svo að eigi færi eg réttleiðis."

Glúmur fór á skipi inn eftir firði og gekk á land og til búða. En þar eru melar brattir og lausgrýttir á milli fjarðarins og búðanna. En er Glúmur kom gagnvert búð þeirri er Einar átti þá hlupu menn frá búðunum og báru skjöldu að þeim og hrundu þeim af melunum og féll Glúmur og veltist með skjöld sinn á eyrina ofan og varð ekki sár en þrjú spjót hafði fest í skildi hans. Þorvaldur tasaldi var þá kominn að landi og sá að Glúmi horfði þá óvænt og hljóp svo á land að hann tók ár í hönd sér og rann í melinn upp og skaut árinni til Guðmundar ríka og kom á skjöldinn og gekk hann í sundur og kom árarhluturinn fyrir brjóst honum og féll hann í óvit og var borinn í fjórum skautum til búðar. Síðan eggjuðu hvorir aðra atgöngu og skutust á og börðust grjóti og varð hörð hríð og urðu margir sárir. Og allir sögðu á eina lund að eigi mættu fáir menn vasklegar verjast en þeir Glúmur. Þeir Einar sóttu að fast. Þá gengu menn í milli og lauk svo að tveir menn féllu af Glúmi, Klængur Narfason og Grímur eyrarleggur bróðir Halldóru konu Glúms.

Þá kvað Brúsi Hallason vísu þessa:

Höfum vér af vígum,  
veit eg orð á því, borða  
stóðs við stýrimeiða,  
stafn-Göndul, hlut jafnan.  
Þó hygg fúrviðu fóru  
fleygarðs en mig varði,  
beiði-Hlökk, fyr brekku,  
bliks, harðara miklu.

Einar kvað vísu:

Þröngvir varð á þingi  
þremja linns að rinna,  
varat í Ála éli  
auðlatr, fyr mel brattan.  
Þá er marstéttar máttit  
Mævils við þröm sævar  
geira njótr á grjóti  
estils klauf of festa.

Þá kvað Glúmur vísu í móti:

Lattist her með höttu  
hanga-Týs að ganga,  
þó tjáir þeim að hætta  
þekkilegt, fyr brekku.  
Þá er dynfúsar dísir  
dreyra svells á eyri,  
breið óx brögnum mæða  
blóðs, skjaldaðir stóðum.

Svo var sett málum að í faðma féllst víg Klængs og Þorvalds úr Haga. Það var og jafnt látið víg Gríms eyrarleggs og áverki við Guðmund og undi Glúmur illa við málalok sem hann kvað í vísu þeirri er hann orti síðan:



Illt er á jörð of orðið.  
Aldr bölvar mjög skaldi.  
Liðið er mest hið meira  
mitt líf Héðins drífu.  
Er óvægens eigi  
eyrarleggs fyr seggjum  
Gríms í Göndlar flaumi  
Gefnar má eg of hefna.

## 28. kafli

Það var eitt sumar er þeir riðu af þingi bræður, Guðmundur og Einar, að Glúmur bauð mönnum til sín og sendi menn upp til Öxnadalshéiðar að bjóða þeim bræðrum heim og lést vilja að nú sættust þeir heilum sáttum "því að eg em nú fyrir elli sökum til engis fær og mun eg þeim eigi til matar eins bjóða."

Glúmur var þá sjónlaus. Hann lét vörð halda á um ferð þeirra. Guðmundur vildi þiggja boðið en Einar vildi eigi og reið sínum megin ár hvor þeirra. Var Glúmi sagt að annar flokkurinn reið þangað.

"Þá mun Einar eigi vilja þiggja boðið. Hann er svo tortryggur að hann trúir engum manni."

Það er sagt að Einar kallaði á Guðmund og mælti: "Þar mun eg koma á morgun ef þú kemur í kveld."

En Guðmundur hugsaði það er hann mælti: "Þá mun það ætlan þín að þú eigir að mæla eftir mig."

Snýr hann nú eftir Einari. Þetta er sagt Glúmi að hvorgi snýr þangað.

"Það er illa þá," kvað Glúmur, "því að það hafði eg ætlað ef eg gengi móti þeim að eg skyldi eigi beggja missa."

Hann hafði sax brugðið undir skikkju.

Og voru þau lok viðskipta þeirra Glúms og Eyfirðinga.

En þá er kristni kom út hingað tók Glúmur skírn og lifði þrjá vetur síðan og var biskupaður í banasótt af Kol biskupi og andaðist í hvítavoðum. Þá bjó Már Glúmsson í Fornhaga og hafði þar látið kirkju gera og var Glúmur þar jarðaður og svo Már þá er hann andaðist og mart annarra manna því að langa hríð var engi kirkja í Hörgárdal nema sú ein.

Það er mál manna að Glúmur hafi verið tuttugu vetur mestur höfðingi í Eyjafirði en aðra tuttugu vetur engir meiri en til jafns við hann. Það er og mál manna að Glúmur hafi verið best um sig allra vígra manna hér á landi.

Og lýkur þar sögu Glúms.